


ÁRSSKÝRSLA 2006

FINANCIAL STATEMENTS 2006



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

ÁRSSKÝRSLA 2006

EFNISYFIRLIT

Hitaveita Suðurnesja hf	2
Skipulag og stjórn	4
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja hf	5
Orkuver	8
Vatnsdeild	12
Rafmagnsdeild	17
Innkaupa- og birgðadeild	21
Viðhaldsdeild	23
Upplýsingasvið	24
Tæknideild	24
Starfsmannahald	25
Gæðamál	27
Öryggismál	27
Skrifstofa	28
Raforkukaup og raforkusala	30
Fjármál	31
Lykilstærðir	35
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar	39
Áritun endurskoðenda	40
Rekstrarreikningur ársins 2006	41
Efnahagsreikningur 31. desember 2006	42
Eiginfjárfirlit ársins 2006	43
Sjóðstremisýfirlit ársins 2006	44
Skýringar	45
Endorsement by the board of directors and management	59
Auditors' Report	60
Statement of Earnings year ended December 31, 2006	61
Balance Sheet	62
Statement of change in Equity for the year 2006	63
Statement of Cash Flows for the year 2006	64
Notes to Financial Statements	65

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Árið 2006 einkenndist áfram aðallega af hinum umfangsmiklu virkjunarframkvæmdum fyrirtækisins, bæði á Reykjanesi og í Svartsengi. Raforka fór að streyma frá Reykjanesi 21. maí og voru á árinu framleiddar 508,3 GWst en önnur raforkuframléiðsla var 373 GWst. Framkvæmdum við Reykjanesvirkjun er þó ekki að fullu lokið en endanlegum frágangi lýkur væntanlega á vordögum. Vinna við Orkuver 6 í Svartsengi hófst formlega þegar 6 reyndustu vélfræðingar fyrirtækisins, sem hófu allir störf á árunum 1976 – 9, tóku fyrstu skóflustunguna að loknum aðalfundi þann 31. mars 2006. Bókfærður kostnaður við Reykjanesvirkjun og línuframkvæmdir var á árinu tæplega 4,1 milljarður og við Orkuver 6 var hann rúmlega 0,7 milljarðar.

Ný raforkulög voru samþykkt á Alþingi þann 14. mars 2003 og síðan var lögnum breytt með lögum nr. 89/2004 og 149/2004. HS hf seldi á árinu 2006 alls 26,7 GWst til fyrirtækja utan dreifiveitusvæðis fyrirtækisins, auk 3,1 GWst til Orkuveitu Húsavíkur og 14 GWst ótryggðrar orku. Sala annarra söluaðila á dreifiveitusvæði HS hf nam 4,8 GWst.

Þann 15. mars 2006 tilkynnti Bandaríkjastjórn að herstöðinni í Keflavík yrði lokað frá og með 1. október 2006. Varnarliðið sagði síðan bréflaga þann 30. mars upp samningnum um heita vatnið með 180 daga fyrirvara og vitnaði þá til ákvæða í upphaflega samningnum frá 22. febrúar 1980. HS svaraði þessu bréfi samdægurs og benti á að með umsömdum breytingum hafi þessu ákvæði verið breytt og krafðist þess að samningaviðræður um málið yrðu teknar upp hið allra fyrsta. Eftir nokkurt málbóf, bréfaskriftir og fundi barst síðan tilboð frá Bandaríkjastjórn þann 25. október um að málinu yrði lokað með eingreiðslu að upphæð 10 milljón dollara og var tilboðinu tekið á stjórnarfundum daginn eftir. Nú í byrjun mars hefur þó ekki verið gengið frá endanlegum samningi um eingreiðsluna og hún ekki farið fram.

Þetta brotthvarf varnarliðsins er vissulega nokkuð áfall því alls námu þessi viðskipti tæpum milljarði á árinu 2005. Viðskiptin hafa hinsvegar farið nokkuð hratt minnkandi og í langtímaáætlunum fyrirtækisins var gert ráð fyrir að þau minnkuðu á 10 árum til 2015 um rúm 40%. Nú taka hinsvegar við nýir tímar

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI HITAVEITU SUÐURNESJA HF

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær	11.952	51,97%	11.952	20,35%	11.952	51,97%
Grindavík	2.701	77,75%	2.701	4,60%	2.701	11,75%
Sandgerði	1.660	7,22%	1.660	2,83%	1.660	7,22%
Garður	1.487	6,47%	1.487	2,53%	1.487	6,47%
Vogar	1.112	4,84%	1.112	1,89%	1.112	4,84%
	18.912	82,24%	18.912	32,30%	18.912	82,24%
Hafnarfjörður			23.751	40,44%		
Garðabær (hluti)			2.396	4,08%		
Bessastaðahreppur			2.276	3,88%		
			28.423	48,40%		
Vestmannaeyjar	4.084	17,76%	4.084	6,95%	4.084	17,76%
Árborg			7.311	12,45%		
Alls	22.996	100,00%	58.730	100,00%	22.996	100,00%

* Í Grindavík og Sandgerði sér HS hf eingöngu um vatnsöflunina.

og standa vonir til að á svæðinu rísi öflug starfsemi með mikilli orkunotkun þannig að þetta verði einungis áfall þegar til skemmi tíma er litið en geti jafnvel falið í sér sóknarfæri til lengri tíma litið.

Í maí 2005 var undirritað samkomulag milli HS hf, Reykjanesbæjar og Norðuráls um sameiginlega athugun á möguleikum þess að byggja álver í Helguvík. Samkvæmt samkomulaginu vinnur HS hf nú að athugun á möguleikum til orkuöflunar fyrir slíkt álver og hefur m.a. þess vegna fengist rannsóknarleyfi á tveimur mögulegum virkjunarsvæðum á Krýsuvíkursvæðinu og framlenging rannsóknarleyfa í Trölladyngju og við Sandfell.

Í árslok tók ríkissjóður ákvörðun um að selja 15,2% hlut sinn í fyrirtækinu og er sölufarlið í gangi en gert er ráð fyrir frágangi sölu í apríl. Þá kemur til með að reyna á ákvæði í samþykktum fyrirtækisins en þar stendur m.a.:

„Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að föllum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó má eigi líða lengri tími en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.“

Upptekt úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi var mjög svipuð og árið áður eða 10,548 milljón tonna á móti 10,541 milljónum tonna 2005 eða nánast óbreytt. Niðurdæling jókst enn eða úr 4,081 milljónum tonna í 4,399 milljón tonna (7,8% aukning) og minnkaði þá nettó upptektin um 4,8%.



SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2005 var haldinn 31. mars 2006 í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum urðu þrjár breytingar á stjórn fyrirtækisins. Úr stjórninni gengu þau Elsa Valgeirsdóttir, Vestmannaeyjabæ, Ólöf Sveinsdóttir, Ríkissjóði og Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ. Í stað þeirra komu Magnús Gunnarsson, Ríkissjóði, Ingimundur P. Guðnason, Garði og Jón Gunnarsson, Vogum. Að loknum aðalfundinum var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Formaður: Ellert Eiríksson, Reykjanesbæ
Varaformaður: Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ
Ritari: Jón Gunnarsson, Vogum
Meðstjórnendur: Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
 Björn H. Guðbjörnsson, Reykjanesbæ
 Ingimundur P. Guðnason, Garði
 Magnús Gunnarsson, Ríkissjóði

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn: Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
 Böðvar Jónsson, Ríkissjóði
 Elliði Vignisson, Vestmannaeyjum
 Jóhann Geirdal, Reykjanesbæ
 Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ
 Magnea Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ
 Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ

Hlutafjäreign í Hitaveitu Suðurnesja hf skiptist þannig 31.12.2006:

Reykjanesbær	2.964.490.757	39,766%
Hafnarfjarðarbær	1.149.368.544	15,418%
Ríkissjóður Íslands	1.133.356.000	15,203%
Grindavíkurbær	634.332.873	8,509%
Vestmannaeyjabær	512.756.280	6,878%
Sandgerðisbær	396.818.389	5,323%
Garður	344.698.718	4,624%
Vogar	202.743.908	2,720%
Árborg	102.724.917	1,378%
Kópavogur	13.525.614	0,181%
Samtals	7.454.816.000	100,000%

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri: Albert Albertsson



Ellert Eiríksson



Gunnar Svavarsson



Jón Gunnarsson



Árni Sigfússon



Björn H. Guðbjörnsson



Ingimundur P. Guðnason



Magnús Gunnarsson



Júlíus Jónsson



Albert Albertsson

STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA hf

Eitt af markmiðum starfsmannafélagsins okkar er að starfsmenn kynnist og hittist og eflist um leið sem ein heild, sem eitt lið. Það er nauðsynlegt á öllum vinnustöðum að starfsmenn líti á sig sem hluta af heildinni, að góður liðsandi ríki.

Við sem höfum haldið um taumana í stjórn félagsins gerum okkur grein fyrir að ekkert félag er öflugra en þeir félagar sem í því eru. Við höfum reynt af fremsta megni að vera með uppákomur sem allir geta tekið þátt í og allir verið með. Leggja okkar af mörkum til að hjá HS hf ríki góður andi og að það sé gaman að vera saman í félaginu okkar. Ég tel að þetta takist ágætlega hjá okkur, starfsmenn eru duglegir að taka þátt í viðburðum sem félagið stendur fyrir, það eru allir virkir.

Starfið á síðasta ári var með hefðbundnu sniði en þó ekki alveg, stór breyting var gerð varðandi sumarferðina okkar. Það helsta var:

Árshátíð

Árshátíð var haldin á Hótel Selfossi laugardaginn 4. mars. Flestir mættu á föstudeginum og tóku langa helgi á fallegu og vel búnu hóteli þar í bæ. Á laugardeginum sjálfum var farið í heimsókn í Set röraverksmiðju og Selfossveitur. Glæsilega var tekið á móti okkur á báðum stöðum. Hátíðin sjálf var svo um kvöldið með þriggja rétta kvöldverði, skemmtiatriðum frá öllum starfsstöðvum HS hf og dansleik á eftir. Tókst hátíðin í alla staði mjög vel og gaman er að taka þátt í slíkri samkomu þar sem starfsmenn mæta í sínu fínasta pússi og sínu besta skapi.

Vordagur

Vordagur var haldinn fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra í Hvammsvík í Kjós í júní. Golfklúbbur HS hf stóð á sama tíma fyrir golfmóti. veiði var auðvitað misjöfn manna á milli, sjókaajak þar sem sumir komu blautir í land en aðrir ekki, hestar voru teymdir undir börnum og margt fleira. Dagurinn var svo kláraður með því að tendra eld á grillum og enginn fór svangur heim.



Gönguferðir

Gönguferðir voru tvær á árinu í samstarfi við starfsmannasvið fyrirtækisins. Sú fyrri var farin um Tröllu- og Grænudyngju með leiðsögumanni í júlí. Sú seinni var farin í október, í heimkynnum félaga okkar í firðinum, um Kaldárbotnasvæði. Þar var einnig leiðsögumaður með í för. Báðar göngumar voru ágætlega sóttar af félagsmönnum og veðráttan lék við okkur.

Sumarferð

Sú breyting var gerð, að framvegis verður farin sumarferð annað hvert ár erlendis. Vinnuskylða var sett á til að fá fullan styrk greiddan til ferðarinnar. Létt þrif og tiltekt á öllum starfsstöðvum var viðfangsefnið. Mættu flestir félagsmenn með maka sinn í þessa vinnu og skapaðist skemmtileg stemmning. Ferðirnar voru svo famar í tveimur hópum frá 30. ágúst til 14. september. Farið var til Tenerife með Sumarferðum og dvaldi hver hópur í eina viku á frábæru íbúðarhótelum þar sem stutt var í allt. Allir létu vel að þessari ferð og nutu þess að komast í sól og sumaryl, laus frá daglegu amstri í heila viku.

Leikhúsférf

Leikhúsférf í Borgarleikhúsið var farin í nóvember. Flestir tóku þann þakka að mæta tveimur tímum fyrir sýningu, fá skoðunarferð um leikhúsið með leikhússtjóra og mat fyrir sýninguna. Vel var látið að þessu og gaman var að skoða „heim“ leikhússins.

Jólahlaðborð

Jólahlaðborð var svo 15. desember. Allt það besta í mat sem þrýðir gott hlaðborð, skemmtiatriði og fleira var boðið uppá. Vel var mætt og vel látið af herlegheitunum.

Aðgangseyrir rann allur til Krabbameinsfélagsins, til rannsóknna á leg- og brjóstakrabbameini. Alls var það kr. 102.000. HS hf lagði annað eins á móti og það var því ávísun upp á kr. 204.000 sem fulltrúar SFHS afhentu Krabbameinsfélaginu þann 18. desember.

Sumarhúsin

Sumarhúsin hafa verið vel nýtt. Orlofshúsið í Húsafelli var í útleigu allt síðasta orlofstímabil. Þá heyrir það orðið til undantekninga ef enginn fer þangað um helgi eða til lengri dvalar fyrir utan hefðbundinn orlofstíma. Húsgögn voru endurnýjuð og sitthvað fleira á árinu.

Íbúðin á Akureyri var líka í útleigu allt síðasta orlofstímabil. Notkun á henni fyrir utan hefðbundinn orlofstíma er líka ágæt enda er alltaf sjarmerandi að koma á Akureyri og nóg að gera, að sumri sem vetri.

Heimasíðan

Heimasíðan okkar er alltaf aðgengileg og glæsileg. Hún er nauðsynlegur liður í að tengja saman dreifðar starfsstöðvar okkar, koma upplýsingum, fréttum og tilkynningum til félaga okkar. Á s.l. ári var ráðist í að taka nýjar myndir af öllum félagsmönnum í félagatalið okkar. Vefsíðustjórinn, Gústav Daníelsson er ötull við að gera hana aðlaðandi og skemmtilega.

Að lokum

Að lokum vill ég þakka öllum fyrir gott ár sem 2006 var fyrir félagið okkar. Það er von mín að félagið vaxi áfram og dafni he innan frá, þ.e. með því að félagsmenn verði áfram virkir þátttakendur og láti skoðanir sínar í ljós.

Stjórn og stjórnendum HS hf þakka ég fyrir gott samstarf og fyrir að sýna málefnum félagsins skilning og áhuga.

Það er svo miklu meira gaman saman!

F.h. stjórnar SFHS



FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2006 - þús. kr.

Á árinu voru fjárfestingar ívið minni en árið áður og námu fjárfestingar í orkuverum og veitukerfum 6.197 m.kr. (7.366 m.kr. árið áður) og alls 6.412 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (7.506 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafm.	Dreifikerfi hitaveitu	Aðveitu- stöðvar	Dreifikerfi o.fl. vatnsv.	Samtals
Reykjanesbær	128.082	130.777	1.616	106.112	366.587
Grindavík	21.551	19.006	0	0	40.557
Sandgerði	17.928	17.631	0	0	35.559
Garður	9.818	11.407	0	8.297	29.522
Vogar	5.212	6.522	0	3.445	15.179
Hafnir	175	91	0	25.095	25.361
Flugstöðvarsvæði	1.768	1.935	0	0	3.703
Hafnarfjarðarsvæði	228.378	0	439	0	228.817
Árborgarsvæði	33.869	0	0	0	33.869
Vestmannaeyjar	25.053	26.774	4.763	11.934	68.524
	471.834	214.143	6.818	154.883	847.678
Stofnæð að Vogum				4.929	
Gufudreifikerfi Reykjanesi				5.654	
Kyndistöð Vestmannaeyjum				956	
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum				-558	10.981
220 kV lína Reykjanes - Rauðimelur				113.639	
132 kV lína Svartsengi - Fitjar				7.421	121.060
Borholur og safnæðar				756.585	
Orkuver Reykjanesi				3.097.499	
Aðveitustöð Reykjanesi				268.989	
Aðveitustöð Rauðamel				108.602	4.231.675
Orkuver 6 Svartsengi				730.668	
Gufuafloflun Svartsengi				29.457	
Orkuver 5 Svartsengi				86.667	
Stjórnstöð Svartsengi				36.757	
Stofnæð Bláa lónið - framl.				9.753	
Orkurannsóknir Trölladyngju				375.208	
Orkurannsóknir Hallkels- og Klausturh.				7.020	
Orkurannsóknir Krýsuvík				964	1.276.494
					6.487.888
Undirbúningur nýrra aðalstöðva				534	
Upplýsingakerfi				1.631	
Verkfæri og mælar				1.600	
Tölvu- og skrifstofubúnaður				6.000	
Bæjarhraun 14, efrí hæð				28.000	
Farartæki- og vinnuvélar				32.636	70.401
Hlutfé Enex hf				42.123	
Hlutfé Bláa lóninu hf				97.169	
Hlutfé Vistorka ehf				5.600	144.892
					6.703.181
					-291.264
					6.411.917

ORKUVER

FRAMLEIÐSLA HITAVEITUVATNS

Vatnsmagn frá orkuveri 2006 var 9.979.844 tonn sem er um 3,95% aukning frá síðasta ári og rúm 30% aukning frá 1998. Varmaorku framleiðslan var um 615 GWh sem er svipað og síðasta ár. Mest framleiðsla var í desember 65,15 GWh en mest framleiðsla í tonnum var í nóvember eða 956.860 tonn. Hámarksrennsli var 17. nóvember eða 408 l/s. Hámarksálag einstakan dag var 9. desember eða 100,5 MW í varma.

Vatnsnotkun að svæði Varnarliðsins var 2.976.714 tonn sem er minnkun um 419,4 þúsund tonn eða um 14,1% milli ára. Orkunotkun var um 128,6 GWh sem er minnkun um 6,1%. Mest orkunotkun var í janúar um 14,3 GWh. Hámarksálag einstakan dag var 14. mars eða um 25,6 MW í varma. Vatnsnotkun Varnarliðsins hefur minnkað um 65% frá 1998 og orkunotkunin hefur minnkað um 37,5%.

Vatnsnotkun í byggðunum frá dælustöð Fitjum var 8.188.441 tonn sem er aukning frá síðasta ári um 242 þúsund tonn eða um 3%. Hámarksálag var 17. mars eða 57,5 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðum, frá dælustöð Fitjum, hefur aukist um

RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2006 VAR ÞESSÍ:

	GWh	Nýt. st.	Nýting %
Vél 1 (AEG - 1,0 MW)	2.993	2.993	34,17%
Vél 2 (AEG - 1,0 MW)	2.750	2.750	31,40%
Vél 3 (Fuji - 6,0 MW)	45.645	7.607	86,84%
Vél 4 (Ormat - 1,2 MW)	9.065	7.554	86,23%
Vél 5 (Ormat - 1,2 MW)	6.999	5.833	66,58%
Vél 6 (Ormat - 1,2 MW)	10.070	8.391	95,79%
Vél 7 (Ormat - 1,2 MW)	8.298	6.915	78,94%
Vél 8 (Ormat - 1,2 MW)	8.129	6.774	77,33%
Vél 9 (Ormat - 1,2 MW)	8.423	7.019	80,13%
Vél 10 (Ormat - 1,2 MW)	8.260	6.884	78,58%
Vél 11 (Fuji - 30,0 MW)	261.751	8.725	99,60%
	372.383	8.026	91,62%
Vél 1 Reykjanesi (Fuji - 50,0 MW)	249.049	8.116	92,65%
Vél 2 Reykjanesi (Fuji - 50,0 MW)	259.276	8.450	96,46%
	508.325	8.283	94,55%
Vél R-1 (Terri - 0,5 MW)	674		
Caterpillar diesel vél	2		
	676		
Gufuhverfill Kólku (Helguvík)	991		
Diesel vélar Hafnarfirði	9		
Diesel vélar Eyjum	169		
	1.169		
	882.553	8.189	93,48%

Eigin raforkuframleiðsla var 882,6 GWh og jókst um 134,22% með tilkomu Reykjanesvirkjunar. Af þessum 882,6 GWh fóru um 29,1 GWh til eigin notkunar (0,3% minnkun) en út á netið fóru 834,6 GWh.

18,7% frá 1998. Vatnsnotkun til Grindavíkur var 1.525.871 tonn sem er aukning um 5,45% milli ára og er hún nú um 31,5% meiri en 1998.

Vatnsnotkun að flugstöðvarvæði var 499.535 tonn sem er um 8,2% aukning milli ára, en vatnsnotkun að flugstöðvarvæði hefur aukist um 62,2% frá 1998. Heildarframleiðsla hitaveituvatns HS hf frá upphafi er nú 207.348.131 tonn sem jafngilda um 14.150,7 GWh. Engar marktækar breytingar hafa komið fram á efnasamsetningu upphitaðs vatns sem hitaveitan dreifir um Suðurnes frá orkuverum í Svartsengi.



ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2006

	Eining	2006	2005	Breyting 2006 - 2005	Samtals 1976 - 2006
Seld raforka út á net	GWh	343,92	341,56	0,69%	3.708,48
Eigin notkun raforku	GWh	29,14	29,22	-0,28%	465,24
Samtals	GWh	373,06	370,78	-0,61%	4.173,72
Vatnsframleiðsla	Tonn	9.979.884	9.600.214	3,95%	207.363.369
Vatnsframleiðsla (orka)	GWh	615,30	616,76	-0,24%	14.150,31
Upptekt úr jarðhitasvæði	Pús. tonn	10,548	10,541	0,07%	242,738
Niðurdæling í jarðhitasvæði	Pús. tonn	-4,400	-4,081	7,82%	-27,043
	Pús. tonn	6,148	6,460	-4,83%	215,695

ORKUÖFLUN HITAVEITU Í VESTMANNAEYJUM

	2006 KWh	2006 %	2005 KWh	2005 %	Breyting %
Raforka	51.831.384	80,49%	51.155.820	76,89%	1,3%
Sorpeyðingarstöð	4.610.839	7,16%	5.512.229	8,29%	-16,4%
Olía	1.515.250	2,35%	2.039.200	3,07%	-25,7%
Úrgangur	708.800	1,10%	1.678.413	2,52%	-57,8%
Orka FES	1.494.475	2,32%	2.544.974	3,83%	-41,3%
Orka FIVE.	4.234.150	6,58%	3.599.470	5,41%	17,6%
	64.394.898	100,00%	65.654.475	100,00%	-3,2%

SVARTSENGI - JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2006

Hiti og þrýstingur var mældur í gufuholum á árinu að venju og var einkum litið til þrýstibreytinga á 1000 m dýpi. Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2006 var um 334,5 kg/s að meðaltali. Heildar upptekt úr gufuholum á svæðinu á árinu var um 10,55 milljón tonn. Til Bláa Lónsins hf fóru um 1,1 milljón tonn af 156°C jarðhitavökva eða um 35 l/sek að meðaltali.

Niðurdæling affallsvatns í holu SJ-17 á árinu var um 4,4 milljón tonn sem eru um 139,5 kg/sek að meðaltali allt árið og er um 7,8 % aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að auka niðurdælingu enn frekar. Nettó upptekt á árinu er því um 6,15 milljón tonn, sem er um 318 þúsund tonnum minna en í fyrra. Heildar upptekt úr svæðinu frá upphafi er um 242,74 milljón tonn og heildar niðurdæling frá upphafi er um 27,04 milljón tonn. Nettó upptekt frá upphafi er því um 215,7 milljón tonn

Á áratugnum 1980 til 1990 er vinnslan í Svartsengi að jafnaði um 250 kg/s og fellur þrýstingurinn um 15 bar á þessu tímabili eða um 1,5 bar á ári. Þetta eru talin dæmigerð viðbrögð fyrir vatnsríkt kerfi. Þá dregur úr og fellur þrýstingurinn aðeins um 5 bör frá 1990 til 2000 eða um 0,5 bar á ári. Vinnslan þessi tíu ár var heldur minni en áratuginn á undan, en meginskýringin á hægari niðurdætti er þó talin vera vaxandi suða í jarðhitakerfinu og aukin útbreiðsla gufupúðans. Frá og með árinu 2000 eykst vinnsla úr svæðinu í yfir 350 kg/s þegar Orkuver 5 tekur til starfa. Þrýstingur snarfellur við þetta og er breytingin um 3 bar á ári fram til 2002. Strax á árinu 2001 var hafin niðurdæling í holu SJ-17. Í fyrstu var einungis dælt innan við 50 l/s en í árslok 2002 var niðurdælingin aukin, og var þá komin í 130 l/s. Aukin niðurdæling er ástæða þess að þrýstingur hefur haldist í stað í Svartsengi frá 2002 til 2006, enda er verg vinnsla síðasta árið svipuð og áður en orkuver 5 fór í gang í árslok 1999. Niðurdráttur í vatnssvæðinu frá upphafi (1976) er orðin um 310 metrar í árslok 2006, eða lítið breytt staða miðað við árslok 2002.

REYKJANES - JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2006

Heildar vinnsla á Reykjanesi á árinu 2006 var um 14,36 milljón tonn, sem samsvarar árs meðalvinnslu um 455 kg/s. Nú nýtir orkuverið tæplega 800 kg/s. Í október mældist niðurdráttur á miðju vinnslusvæðinu um 200 m frá því virkjunin fór í gang. Heildar vinnsla frá upphafi úr jarðhitageyminum á Reykjanesi er orðin um 66,6 milljón tonn.

Framan af ári 2006 var einungis ein vinnsluhola í gangi á Reykjanesi, hola 12, en hún var tengd gufuveitunni í lok árs 2003 og aflaði gufu fyrir Terry hverfil ásamt iðnaðarsvæði. Þann 4. maí var holan tekin úr rekstri tímabundið og gerð klár fyrir Reykjanesvirkjun.

Á árinu 2006 voru boraðar tvær nýjar vinnsluholur, holur 23 og 24. Gerðar voru blástursprófanir og sýni tekin úr holunum og einnig úr holum 21 og 22. Holur 16, 17 og 20 reyndust ekki nýtanlegar orkuverinu. Sjö háhitaholur á Reykjanesi voru frágengnar án raufaðs leiðara í vinnsluhlutanum og þöldu tvær þeirra, 13 og 14, ekki mikla vinnslu og hrundu saman, þrátt fyrir að þær höfðu staðist blástursprófanir. Holurnar verða endurvirkjaðar með útúrborun og leiðari settur í þær.

Samtals 10 gufuvinnsluholur eru nú í fullum rekstri fyrir Reykjanesvirkjun og iðnaðarsvæði.

RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2006

Ný virkjun Reykjanesi 2 x 50 MW var tekin í notkun í maí eftir hreinsiblástur á lagnakerfum og stutt prófanaferli. Vél 1 fór í ýmsar prófanir 9. til 14. maí en þá var vélin tekin í notkun. Vél 2 fór í prófanir 23. til 28. maí eftir það var vélin tekin í notkun. Heildar framleiðsla Reykjanesvirkjunar á árinu 2006 var um 508,32 GWh sem skiptist nokkuð jafnt milli véla 1 og 2

Framleiðslan vél 11 (30 MW) var um 261,75 GWh sem er 99,60% nýting en vélin fór ekki í upptekt á árinu. Vél 3 (6 MW) var í framleiðslu allt árið fyrir utan 13 daga sem fóru í hreinsunar- og viðhalds stopp og nýting 86,84%. Sameiginleg nýtni sjö Ormat hverfla var um 80,51% sem er um 0,36% meiri en í fyrra.

Heildar raforkuframleiðsla véla í Svartsengi var á árinu um 372,38 GWh sem er um 1,25% meiri framleiðsla en árið áður. Eigin notkun orkuvers, ásamt dælustöð Fitjum og kaldavatnsveitu var samtals um 27 GWh.

Á Reykjanes fóru um 7,85 GWh frá orkuveri sem er mikil aukning sem skýrist vegna framkvæmda við Reykjanesvirkjun. Til viðbótar var framleiðsla Terry hverfils á Reykjanesi um 0,67 GWh en Terry hverfill var tekin úr rekstri 4. maí vegna tilkomu Reykjanesvirkjunar.

Framleiðsla Gufuhverfils við Köllu nam um 0,99 GWh og aukning milli ára um 10,2%.

HELSTU REKSTRARSKERÐINGAR VORU ÞESSAR

Dagana 28. til og með 30. mars var vél 11 (30 MW hverfill) úti, ásamt Ormatvirkjun vegna tenginga háspennulína við Rauðamel og aftur 29. apríl og 7. maí vegna vinnu við spennivirki Rauðamel. Skerðing vegna þessa var um 2,1 GWh. Þá var 14. og 25. maí og aftur 9. og 14. júlí tímabundin skerðing á framleiðslu á Reykjanesi (80 MW) og í Svartsengi, (37 MW) vegna keyrslu prófana í Reykjanesvirkjun. Skerðing sem var eingöngu vegna prófana var um 1 GWh. Skerðing á framleiðslu vélar 1 Reykjanesi á tímabilinu frá 14. maí til 14. júlí vegna lagfæringa tengdum prófunum var um 6,5 GWh.

Dagana 8. maí til 7. júlí var vél 5 (Ormat 1,2 MW) úti vegna spennaskipta og upptektar. Þá var vél 4 (Ormat 1,2 MW) úti 20. júní til 7. júlí vegna spennaskipta og viðhaldsvinnu. Ormat hverflar fóru samtals 25 sinnum stutt út vegna bilana og eða truflana frá neti. Þá voru samtals 22 stöðvunaraðgerðir á Ormat hverflum vegna margvíslegrar viðhaldsvinnu.

Dagana 13. til 24. ágúst var vél 3 (6 MW) úti vegna árlegrar upptektar og hreinsunar á hverfli og á gufuveitu og einnig var smá skerðing á framleiðslu frá vél 3 tímabundið vegna vinnu við línukerfi. Heildar skerðing framleiðslu vélar 3 vegna viðhaldstíma og truflana var um 2 GWh.

Þann 5. október fór vél 1 Reykjanesi (50 MW) út vegna þess að sjór komst í rafala frá sjókælikerfi og rafali sló út. Orsök var tæring á botni elements vegna rangs efnisvals þ.e. mistök fram-



leiðanda. Taka þurfti rafalinn í sundur og þrifa hann nánast með tannbursta og sáu menn frá Fuji ásamt starfsmönnum Framtaks um verkið sem var mjög tímafrekt. Hreinsun og samsetningu var lokið 22. október og fór vél strax aftur í framleiðslu. Segja má að HS hf hafi sloppið tiltölulega vel frá þessu óhappi en skerðing á framleiðslu vegna þessa óhapps má áætla að hafi verið um 20,5 GWh.

Þann 11. nóvember sló niður eldingu á Reykjanesi og við það fór vél 11 (30 MW) út ásamt Ormatvirkjun, (8 MW). Síðar sama dag fór lína SN1 út þegar bíll með bát á palli rekst undir 132 kW línu við Grindavíkurveg og við það fara út báðar vélar Reykjanesi ásamt vél 11 og Ormatvélum í Svartsengi, alls um 140 MW. Skerðing vegna þessa og viðgerðar á línu daginn eftir var um 1,3 GWh.

Terry hverfill á Reykjanesi fór 5 sinnum út vegna nettruflana. Þá var hverfill stöðvaður 2 sinnum vegna viðhalds í gufuveitu og kaldavatnsveitu. Terry hverfill var tekinn alfarið úr rekstri þann 4. maí.

K-8 nettengi rofi í Svartsengi fór 22 sinnum út vegna truflana frá neti.

Samtals skráðar færslur um rekstrartruflanir allra véla í DMM voru um 90 talsins.

VATNSDEILD

SUÐURNES

Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 25,3 km af dreifikerfi og er lengd dreifikerfisins nú um 355 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 63 km og lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis um 418 km.

Lagt var inn í 347 hús á árinu en 7 hús voru aftengd. Inntökum fjölgaði því um 340 á árinu, mest í Njarðvík en þar fjölgaði um 168 inntök. Fjöldi inntaka í árslok var 5759.

Stærstu verk í einstökum sveitarfélögum voru:

- Reykjanesbær: Götulagnir í Dalshverfi I, Helguvík og Ásahverfi.
- Grindavík: Götulagnir í Suðurhóp, Austurhóp og Víðigerði.
- Sandgerði: Lokið var við götulagnir í Lækjarmótum og unnið við lagnir í Hólahverfi.
- Garður: Götulagnir í Birkítún, Bjarkartún, Grímsholt, Heiðarholt og Vörðubraut.
- Vogar: Götulagnir í hluta Akurgerðis.

Hemlagrindum fjölgaði um 317 mest í Reykjanesbæ, en þar fjölgaði hemlagrindum um 167. Vatnsmælum fjölgaði um 3. Í árslok voru hemlar 6.129 og vatnsmælar 198 eða samtals 6.327.

Við þjónustu á grindum og inntökum voru 2.733 grindur skoðaðar, þar af 1.192 vegna notendaskipta. Af þessum 2.733 grindum reyndust 67% vera í lagi. Bilun hjá húseigendum reyndist vera í 14% tilfella af skoðuðum grindum.

Af öðrum verkefnum má nefna eftirlit með aðveitu- og stofnæðum, endurnýjun inntaka, viðhald brunna og hreinsun og sementskústun tveggja miðlunargeyma á Fitjum.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2006

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Reykjanes- bær	Grinda- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	163.865	42.145	25.520	15.858	20.667	767	268.822
Rúmmál tengdra húsa - annað	29.174	400	21.709	11.706	0	0	62.989
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	-267	0	0	-1.004	0	0	-1.271
Rúmmál aftengdra húsa - annað	-2.754	0	0	0	0	0	-2.754
	190.018	42.545	47.229	26.560	20.667	767	327.786
Sala um mæla húsh.(m ³)	173.269	112.977	406.884	4.527	6.796	107	704.560
Sala til sundlauga (m ³)	164.600	79.345	47.008	61.183	31.757	0	383.893
Sala um mæla iðn.not(m ³)	57.442	82.592	30.101	10.648	5.151	0	185.934
Sala til sérstakra iðn.nota (m ³)	7.867	18.098	0	163.956	-1.053	4.216	193.084
	403.178	293.012	483.993	240.314	42.651	4.323	1.467.471
Sala á ferskvatni (m ³) *	3.800.219	1.296.021	391.072	581.248	14.905	19.396	6.102.861
Sala um hemla 1.1.2006 l/m	12.106	2.843	1.540	1.262	922	118	18.791
Sala um hemla 31.12.2006 l/m	12.770	3.033	1.680	1.341	1.014	121	19.959
Viðbætur 2006 %	5,48%	6,68%	9,09%	6,26%	9,98%	2,54%	6,22%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

* Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalinn.

Kalt vatn

Lagðir voru 15,3 km af götulögnum og heimæðum og tengd 201 hús.

Stærstu verkefni í sveitarfélögunum voru:

- Reykjanesbær: Götulagnir í Dalshverfi I, Helguvík og Ásahverfi.
- Garður: Götulagnir í Grímsholt, Heiðarholt og Vörðubraut.

Byggð var vatnshreinsistöð í Höfnum sem byggir á Nanotækni. Vatnið er þá sett í gegnum mjög finar síur, en engum efnun bætt í vatnið við hreinsun. Rekstur stöðvarinnar hófst í árslok. Deildin tók við rekstri vatnsveitu á Keflavíkurflugvelli síðari hluta árs. Í lok ársins var boðin út lagning aðveituæðar að Innri Njarðvík ásamt því að hafin var bygging dælustöðvar í Dalshverfi, í Njarðvík. Í Hraunsvegi í Njarðvík var endurnýjuð götulögn.

Unnið var við viðhald á 95 heimæðum, 66 í Keflavík, 21 í Njarðvík og 8 í Garði.



VESTMANNAEYJAR

Hitaveita

Á árinu fóru fram mestu framkvæmdir hjá hitaveitunni í rúm 20 ár þegar dreifikerfi var lagt frá Strandvegi út á Eiði. Um er að ræða lögn sem 10 fyrirtæki geta notfært sér nú þegar og vonandi fleiri í framtíðinni. Þessi fyrirtæki voru rafkynt og nota töluverða orku til upphitunar, þurrkunar o.fl. Dreifikerfið sem lagt var er um 1.000 metrar á lengd og voru því lagðir 2.000 metrar af 100mm rörum í þessa framkvæmd og sáu starfsmenn HS um þessa vinnu að mestu leyti.

Um áramótin var búið að tengja 7 fyrirtæki við nýja dreifikerfið á Eiðinu. Lengd þessara heimæða er 157 metrar eða 314 metrar af rörum. Á árinu var nýr leikskóli, Sóli, tengdur dreifikerfinu ásamt einu öðru húsi.

Bilanir á árinu urðu 8 og var um að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst í flest öllum tilfellum. Endurnýjaðir voru 121 rennismælur.

Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða, heldur er gert við þegar þurfa þykir. Einnig var skipt um nokkrar lofttúður í brunnum.

Klæðning á kyndistöðinni var endurnýjuð á árinu. Einnig var vesturveggur einangraður og klæddur gipsplötum til að uppfylla

Varnar- liðið	Samtals	Vestmanna- eyjar	Samtals
0	268.822	0	268.822
0	62.989	13.466	76.455
0	-1.271	-998	-2.269
-9.130	-11.884	0	-11.884
-9.130	318.656	12.468	331.124
0	704.560	805.364	1.509.924
0	383.893	0	383.893
994	186.928	347.916	534.844
0	193.084	0	193.084
994	1.468.465	1.153.280	2.621.745
0	6.102.861	637.667	6.740.528
11.352	30.143		30.143
7.093	27.052		27.052
-37,52%	-10,25%		-10,25%

HEMLAR OG MÆLAR

Staður	HEMLAR			MÆLAR		
	Fjöldi* 31.12.05	Breyting 2006	Fjöldi 31.12.06	Fjöldi* 31.12.05	Breyting 2006	Fjöldi 31.12.06
Reykjanesbær	3.369	167	3.536	78	5	83
Grindavík	836	57	893	53	0	53
Sandgerði & Flugstöðvarsvæði	503	41	544	35	-3	32
Garður	461	29	490	20	-1	19
Vogar	309	30	339	10	-1	9
Hafnir	47	0	47	2	0	2
	5.525	324	5.849	198	0	198
Keflavíkurlugvöllur (USA)	270	-7	263	3	-3	0
Keflavíkurlugvöllur (Ísl.)	11	0	11	0	0	0
Radarstöð H1	1	0	1	0	0	0
Fjarstíptastöð Grindavík	4	0	4	0	0	0
Keflavíkurlugvöllur	286	-7	279	3	-3	0
Samtals	5.811	317	6.128	201	-3	198
Vestmannaeyjar	0	0	0	1.428	-1	1.427
Samtals	5.811	317	6.128	1.629	-4	1.625

*Leiðrétt áramótágildi

DREIFIKERFI OG HEIMÆÐAR

	DREIFIKERFI (Pípulengd)			HEIMÆÐAR (Inntök)		
	Lengd 31.12.05	Viðbætur 2006	Lengd 31.12.06	Fjöldi 31.12.05	Viðbætur 2006	Fjöldi 31.12.06
Keflavík	87.561	1.907	89.468	2.069	11	2.080
Grindavík	44.710	1.915	46.625	828	60	888
Njarðvík	47.219	16.903	64.112	935	168	1.103
Sandgerði	28.985	2.137	31.122	478	41	519
Garður	27.257	1.715	28.972	457	25	482
Vogar o.fl.	19.041	581	19.622	300	34	334
Hafnir	3.172	17	3.189	47	1	48
H - 1	674	0	674	1	0	1
Flugvöllur	65.158	-393	64.765	289	-3	286
Flugstöð	5.994	551	6.545	15	3	18
Samtals	329.771	25.333	355.104	5.419	340	5.759
Vestmannaeyjar	70.500	1.507	72.007	1.446	6	1.452
Samtals	400.271	26.840	427.111	6.865	346	7.211

Heildarlengd á pípum í kerfinu á Suðurnesjum er nú 355,1 km.

Á Keflavíkurlugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi og einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 4.102 metrar.

Lenging lagna í dreifikerfinu var 7,68% á árinu 2006 (var 3,60% 2005). Lenging lagna í dreifikerfinu, utan flugvallar var 9,73% á árinu 2006 (var 4,15% 2005). Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar, var 6,65% á árinu 2006 (var 3,56% 2005).

kröfur Brunamálastofnunar vegna endurnýjunar á olíutönkum. Magn úrgangsolíu sem var hreinsuð og brennd í kyndistöð á árinu var 139,95 tonn.

Undirbúningur að tilraunadælingu hófst á árinu vegna borholunnar á Haugasvæðinu. Huga þarf að réttri dælu í verk-efnið og efnasamsetningu málma til að koma í veg fyrir tæringu. Vonandi verður hægt að hefja tilraunadælingu á sumri komandi. Von er á lokaskýrslu frá ÍSOR og verður fróðlegt að sjá hver niðurstaðan úr þeirri skýrslu verður.

Kalt vatn

Tvær bilanir urðu á árinu á stofnæð frá lind að dælustöð. Varnargarður sem liggur meðfram aðveitu niður Landeyjasand að dæluhúsi skemmdist tvisvar á árinu vegna vatnavaxta. Tókst að gera við varnargarðinn áður en skemmdir urðu á aðveitunni. Á árinu var sá möguleiki skoðaður að flytja dæluhúsið af sandinum upp fyrir Bakkaflogvöll. Rætt var við bóndann á Bakka um að fá land og taldi hann það lítið mál ef/þegar ákvörðun um það lægi fyrir. Ef ný dælustöð verður reist á þeim stað sem HS telur heppilegastan verður allt aðgengi, eftirlit og rekstur mun auðveldari en er í dag. Reist yrði stálgrindarhús á einni hæð, allur vélbúnaður fluttur í nýja húsið og niðurgráfin þrýstleiðsla frá dæluhúsi að landtaki.

Lokið við að tengja nýjan hraðabreyti við dælu 3 í dælustöð Landeyjarsandi og flytja gamla hraðabreytinn við dælu 3 á dælu 1 sem einungis er notuð sem varadæla. Er þá lokið við að endurnýja rafmótora og hraðabreyta við allar dælu.

7" neðansjávarvatnsleiðslan var mynduð í sumar. Erfiðlega gekk að mynda leiðsluna vegna slæms skyggis í sjónum. Í ljós kom að ástand leiðslunnar er alvarlegt þar sem leiðslan liggur yfir hraundrang norðan við Elliðaey á um 50 metra dýpi. Hætta er á því að hún hreinlega fari í sundur. Vegna ástands leiðslunnar og aldurs hennar ákvað HS að hefja vinnu við kaup á nýrri leiðslu. Fjarhitun hf. var fengin til að leiða þá vinnu. Um miðjan desember var forval um kaup á nýrri neðansjávarvatnsleiðslu auglýst og lýkur forvalinu um miðjan janúar 2007.

Um miðjan nóvember komu frá Danmörku fjórir menn frá



Nordiske kabel og Traadfabriker og fyrirtækjum þeim tengd og áttu fund með HS, Fjarhitun og Landsneti. NKT framleiðir neðansjávarvatnsleiðslur en þessir sömu aðilar framleiddu leiðslumar sem lagðar voru 1968 og 1971. Allar líkur eru á því að ný neðansjávarleiðsla verði ekki lögð fyrir en sumarið 2008. Einnig var farið yfir hvað hægt sé að gera til að laga skemmd þar sem 7" neðansjávarleiðslan er verst farin. HS á von á tilboði í þá viðgerð.

Lögð var ný stofnlögn á Strandvegi frá Skildingavegi að Hlíðarvegi og var sett ný 180mm plastleiðsla ásamt nýjum götulo- lokum og tengjum. Átta minniháttar bilanir urðu í dreifikerfinu á árinu. Ein ný heimæð var lögð í leikskólann Sóla og 19 rennismælar voru endurnýjaðir.

Reglulega voru tekin sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarrannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð, öll sýni voru fullkomlega heilnæm.


Sett var upp ný hraðastýrð dæla í dælustöð Löngulág og á hún að auka þrýsting á Smáragötu. Eftir er að tengja við Smáragötuna þessa nýju tengingu og stendur til að gera það á vordögum næsta árs.

Eftirlitskerfi

Ný iðntölva var sett upp í stjórnstöð ásamt Intouch skjá-myndakerfi. Bætt var við nýjum rennismælum svo auðveldara sé að fylgjast með vatnsrennsli. Er þessari vinnu að mestu lokið en til stendur að ljúka henni nú í janúar/febrúar.

Vatnsdæling

Töluvert minna magni var dælt af vatni til Vestmannaeyja á árinu miðað við árið 2005. Munar þar mest um minni loðnuveiði og einnig notaði borinn Sleipnir töluvert af vatni þegar hola hh-08 var boruð á vormánuðum 2005.



HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA

Sala / Notkun
KWh

2005 - 2006

	Alm. taxtar	Hitataxtar	Roft. ofl.	Afltaxtar	Samtals
Suðurnes 2006	77.976.406	3.532.510	2.354.573	52.735.948	136.599.437
Suðurnes 2005	69.385.629	3.941.631	1.604.229	53.516.861	128.448.350
Breyting %	12,38%	-10,38%	46,77%	-1,46%	6,35%
Hafnarfjörður 2006	104.586.356	1.158.117	6.468.465	18.165.240	130.378.178
Hafnarfjörður 2005	90.578.157	1.354.005	7.957.404	19.300.980	119.190.546
Breyting %	15,47%	-14,47%	-18,71%	-5,88%	9,39%
Vestmannaeyjar 2006	22.166.425	6.111.154	341.465	9.239.866	37.858.910
Vestmannaeyjar 2005	16.570.113	6.660.152	0	16.768.742	39.999.007
Breyting %	33,77%	-8,24%	-	-44,90%	-5,35%
Árborg 2006	27.572.693	502.520	1.333.627	15.745.548	45.154.388
Árborg 2005	24.876.925	644.995	712.480	15.317.686	41.552.086
Breyting %	10,84%	22,09%	87,18%	2,79%	8,67%
Samtals 2006	232.301.880	11.304.301	10.498.130	95.886.602	349.990.913
Samtals 2005	201.410.824	12.600.783	10.274.113	104.904.269	329.189.989
Breyting %	15,34%	-10,29%	2,18%	-8,60%	6,32%
% af heild	41,65%	2,03%	1,88%	17,19%	62,75%

RAFMAGNSDEILD

SUÐURNES

Í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum hefur uppbygging veitukerfanna haldið áfram í takt við miklar framkvæmdir almennt. Jafnvel þó reiknað hafi verið með meiri framkvæmdahraða en árið 2005 þá kom árið 2006 líka á óvart.

Aðveita

Reykjaneslína að Rauðamel og ný rofastöð á Rauðamel fór í notkun með gangsetningu Reykjanesvirkjunar. Rofastöðin á Rauðamel tengir saman línur frá Svartsengi, Reykjanesi og Fitjum.



Dreifing háspennu

Lagðir voru 5.200 m af 12 kV háspennustreng að nýjum dreifistöðvum á Suðurnesjum á árinu. Helstu verkefni í

Varnarlið	Ótryggð sala	Götu-lýsing	Samtals	Eigin-not	Töp o.fl.	Samtals
46.615.368	5.286.764	3.740.583	192.242.152	40.975.784	10.518.623	243.736.559
60.609.491	8.514.548	4.414.228	201.986.617	26.238.440	10.117.628	238.342.685
-23,09%	-37,91%	-15,26%	-4,82%	56,17%	3,96%	2,26%
0	1.841.603	4.742.817	136.962.598	0	7.289.442	144.252.040
0	0	4.698.336	123.888.882	0	5.772.107	129.660.989
-	-	0,95%	10,55%	-	26,29%	11,25%
0	68.139.066	989.475	106.987.451	0	3.935.718	110.923.169
0	67.089.400	976.950	108.065.357	0	2.884.793	110.950.150
-	1,56%	1,28%	-1,00%	-	36,43%	-0,02%
0	11.074.781	985.300	57.214.469	0	1.672.295	58.886.764
0	10.901.024	1.117.589	53.570.699	0	3.029.078	56.599.777
-	1,59%	-11,84%	6,80%	-	-44,79%	4,04%
46.615.368	86.342.214	10.458.175	493.406.670	40.975.784	23.416.078	557.798.532
60.609.491	75.603.948	10.089.514	475.492.942	26.238.440	18.774.528	520.505.910
-23,09%	14,20%	3,65%	3,77%	56,17%	24,72%	7,16%
8,36%	15,48%	1,87%	88,46%	7,35%	4,20%	100,00%

Reykjanesbæ voru í Dalshverfi I og II, Ásahverfi, Nesvellir og iðnaðarsvæði í Helguvík. Háspennustrengur var lagður að hluta í Hópshverfi í Grindavík og Hólahverfi í Sandgerði.

Skoðanir dreifistöðva voru samkvæmt áætlun en lagfæringar eftir skoðanir eru ennþá heldur á eftir áætlun vegna mikilla verkefna í nýframkvæmdum.

Dreifing lágspennu

Endurnýjunarverk voru sett í bið á árinu. Í nýframkvæmdum stofnlagna voru Dalshverfi I og II í Njarðvík stærstu verkefni. Í Sandgerði voru lagðar stofnlagnir að hluta í Hólahverfi, í Garði voru lagnir í Birkitún, Bjarkartún, Heiðarholt og Vörðubraut lagðar, Akurgerði í Vogum og Hópshverfi í Grindavík.

Á árinu voru tengdar 483 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af 39 stærri en 50A og 126 vinnuheimtaugar. Eftirlit og skoðanir með virkjum hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun. Lagfæringar eftir skoðanir hafa verið á eftir áætlun en stendur þó til bóta á komandi ári. Sér skoðanir varðandi þríf og minna eftirlit í aðveitustöðvum og dreifistöðvum hefur gefist mjög vel til að fyrirbyggja bilanir og er búið að festa í sessi.

Rekstrartruflanir á Suðurnesjum 2006

Truflanir vegna virkjunarframkvæmda á Reykjanesi urðu nokkrar, en að mestu staðbundnar við virkjanarsvæðið á Reykjanesi. Stækkun flugstöðvarbyggingarinnar hafði einungis í för með staðbundið straumleysi í flugstöðinni sjálfri og þar reyndist vel breyting á aðveitunni sem gerð var 2005 með því að tengja aðveitustrenginn framhá flugstöðinni. Hafnalína sló út vegna eldingaveðurs. Taka þurfti rafmagn af Vogum og Vatnsleysuströnd vegna skemmda á 33kV streng í Dalshverfi en strengurinn liggur með gamla Keflavíkurveginum inn í Voga. Rafmagn fór af öllum Reykjanesskaganum vegna bilunar á háspennulínunni í Hamranesi vegna þess að farmur á bíl rakst upp undir línuna. Nokkrar minni afmarkaðar truflanir urðu vegna lagfæringar og stækkunar dreifikefisins. Straumleysi varð í Keflavík í desember frá tveimur dreifistöðvum vegna hefðbundins jólaálags.

VINNSLA ÚR BORHOLUM VAR EFTIRFARANDI (millj. tonn):

	2006	2005	Breyting %
HSH- 7	1,505	1,447	4,03%
HSH- 8	1,550	1,510	2,63%
HSH- 9	1,515	1,551	-2,30%
HSH-10	0,907	0,963	-5,85%
HSH-11	1,927	1,580	21,95%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,158	0,208	-24,18%
HSH-16	0,822	0,954	-13,85%
HSH-18	0,970	0,983	-1,32%
HSH-19	0,855	0,860	-0,60%
HSH-20	0,332	0,329	0,88%
	10,541	10,386	1,49%
HSH-5/6/12/17; niðurdæling	(4,081)	(3,856)	5,84%
Heildarvinnsla úr svæðinu	6,460	6,531	-1,08%

HAFNARFJÖRÐUR

Dreifing háspennu

Lagðir voru rúmlega 12.600 m af 12 kV streng á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2006. Helstu verkefni voru þessi: Lagður var strengur frá dreifistöð á Völlum 4 að dreifistöð á Völlum 6 og þaðan var lagður strengur að dreifistöð á Völlum 5. Sú stöð mun einnig þjóna hluta Selhrauns suður, sem er þjónustusvæði vestan Vallahverfisins. Þá voru einnig lagðir háspennustrengir frá þeirri dreifistöð að iðnaðarverfunum í Hellnahrauni. Lagðir voru tveir 12 kV háspennustrengir frá stöðinni að aðveitustöð Landsnets við Hamranes til þess að styrkja 12 kV varasambandið sem er frá Hamranesi. Lagðir voru um 1.600 m að 12 kV streng frá Áslandi 2 að nýju íbúðahverfi í Áslandi 3. Lagðir voru um 600 m af háspennustreng í Dalshrauni, en þeir voru lagðir til þess að styrkja háspennuhverfið við Dalshraun en þar hefur aukist mikið orkuþörf eftir stækkun á verksmiðju Actavis og byggingu á stóru skrifstofuhúsi við götuna. Í Garðabæ voru lagðir um 2.700 m af háspennustreng frá dreifistöð við IKEA að dreifistöð við Byko og þaðan að dreifistöð Kaupúni sem mun þjóna stórum hluta svæðisins. Þaðan var svo lagður strengur í áttina að Molduhrauni í Garðabæ um Reykjanesbraut. Einnig voru lagðir strengir að nýju íbúðahverfi sem byrjað verður á í Urriðaholti árið 2007.

Settar voru upp og tengdar 6 nýjar dreifistöðvar á árinu 2006. Einnig voru settar upp bráðabirgða dreifistöðvar við hreinsistöð Fráveitu Hafnarfjarðar við Reykjanesbraut og við Kaupún í Garðabæ, þar sem varanleg dreifistöð var ekki tilbúin. Nýju dreifistöðvarnar eru á eftirtöldum stöðum: Við IKEA í Garðabæ og við dælustöð Fráveitu Hafnarfjarðar við Vesturgötu, en þessar stöðvar eru báðar sambyggðar öðrum húsum. Sett var upp dreifistöð fyrir Tempru í Hellnahrauni en sú stöð er með samtals 4 MVA spennaafl. Þá var sett upp dreifistöð á Völlum 6 og dreifistöð á Miðsvæði Valla, við verslunarhús Bónuss.



Dreifing lágspennu

Samtals voru lagðir um 28.100 m af 4x240q Al lágspennustreng á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2006.

Haldið var áfram lagningu dreifikerfis á Völlum í Hafnarfirði, bæði á Völlum 5 og Völlum 6 ásamt tengingu húsa á Völlum 4. Lagt var dreifikerfi í Selhraun norður og Selhraun suður að hluta til en því verður lokið árið 2007. Lagt var dreifikerfi í Ásland 3 og nýtt íbúðahverfi, Skipalón sem er þar sem áður stóðu olíutankar ofan Hvaleyrarbrautar. Lokið var að mestu lagningu dreifikerfis í Bryggjuhverfið í Garðabæ og unnið við lagningu strengja að fjölbýlishúsum á Norðurgarði í Hafnarfirði.

Samtals voru tengdar 236 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 126 og vinnuheimtaugar voru 110.

Vegna mjög mikilla verkefna á árinu 2006 var minna hægt að vinna við endurnýjun- og viðhald dreifistöðva en áætlað var, en stefnt er að því að hægt verði að leggja meiri vinnu í það á þessu ári. Væntanlega verður á árinu 2007 leitað til utanaðkomandi verktaka vegna fleiri þátta í uppbyggingu dreifikerfisins, t.d. vegna tengingar á nýjum dreifistöðvum og tengingar í götuskápum.

Rekstartruflanir

Fjórar rekstrartruflanir á Hafnarfjarðarsvæðinu urðu þegar verktakar grófu í háspennustrengi með þeim afleiðingum að margar aðrar dreifistöðvar urðu rafmagnslausar á meðan unnið var við að koma rafmagni á stöðvarnar eftir öðrum leiðum. Taka varð straum af öllu Hafnarfjarðarsvæðinu í stutta stund tvisvar sinnum á árinu, þ.e. aðfaranótt 1. maí og 7. maí, vegna breytinga á 132 kV aðveitulínunni þar sem hún liggur um Vallasvæðið í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að settur verði 132 kV jarðstrengur í stað línunnar á árinu 2007 en línan er í eigu Landsnets.

VESTMANNAEYJAR

Dreifing háspennu

Nýir háspennustrengir voru lagðir frá aðveitustöð I að 45, Ísfélagi, og að rofastöð 39, FIVE bræðslu. Einnig var lagður nýr strengur á milli rofastöðvar 39 að 22, Flötum. Ísfélagið hefur verið að bæta við sig tækjum og búnaði og einnig er búist við aukningu hjá höfninni.

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Í dreifistöð 27, Bröttugötu, var allur búnaður endurnýjaður, spennir, háspennufelt og lágspennufelt ásamt lágspennutöflu. Í dreifistöð 01, Höfðastöð, var skipt um háspennufelt og í dreifistöð 28, Herjólfssdal, var skipt um spennir. Í dreifistöð 16, sjúkrahúsi, var lagður niður 230/400 volta spennir og varð að spennubreyta 32 húsum í tengslum við það. Gengið var frá nýrri loftræstingu í aðveitustöð III.

Tvær dreifistöðvar þarf að byggja nánast upp frá grunni á næsta ári, dreifistöðina v/Hástein og Vesturveg. Í dreifistöðinni v/Hástein er gamalt og úrelt efni ásamt því að athugasemd hefur verið gerð við lágspennuskáp við reglubundna skoðun. Á Vesturvegi þarf að endurnýja allan búnað nema spennir. Í lágspennukerfi stendur til að halda áfram með endurnýjun gamalla olíustrengja og götukassa. Fyrirhugað er að endurnýja strenginn frá 22, Flötum, að 34, Vesturvegi. Við setjum stefnuna á að vera tilbúnir að fara í 11kV breytingu á árinu 2007 með því að skipta út spennum og öðrum búnaði í tveimur spennistöðvum.

Dreifing lágspennu

Klárað var að endurnýja raflagnir á Birkhlíð og á Kirkjuvegi, milli Birkhlíðar og Breiðabliksvegjar. Skipt var um 6 götuskápa víða um bæinn. Bilanir á heimtaugum voru fjórar og nýjar heimtaugar voru þrjár á árinu.

Unnið var við endurnýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærast og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem teknir voru niður var hægt að endurnýja. Nýframkvæmd í gatnalýsingu var lýsing við nýjan leikskóla, Sóla, og vestast á Strandvegi var bætt við lýsingu.

Endurnýjaðir voru 126 sölumælur á árinu. Klárað var að ganga frá fjaraflestri á kWh- mælum hjá stórnotendum.

Aðrar framkvæmdir og rekstrartruflanir

Nýtt eldvarnakerfi var lagt í vélasal, aðveitustöð I og vakt-herbergi, einnig var allt eldvarnakerfið fyrir Tangagötu 1 yfirfarið. Gengið var frá nýrri aðaltöflu í Löngulág og lagðar nýjar lagnir að dælum og rennslismælum. Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennslismælum fyrir hita- og vatnsveitu.

ÁRBORG

Dreifing háspennu

Sett var upp ný 800 KVA dreifistöð í Hrísmýri sem er iðnaðarhverfi til endurnýjunar á eldri stöð. Var hún færð á aðra lóð, öllu snúið við og strengir styttrir eða lengdir og allt grafið upp. Búnaður var endurnýjaður í dreifistöð 5, settur nýr spennir 400/203V og nýtt lágspennufelt kabeldon skinnusett. Skipt var um lágspennufelt í dreifistöð 1.

Dreifing lágspennu

Lagnir voru lagðar í nýtt hverfi Suðurbyggð A Selfossi sem samanstendur af 54 lóðum við Hellishóla, Kerhóla og Dranghóla. Nýlagnir voru lagðar í 10 lóðir við Ólafsvelli á Stokkseyri. Lágspennudreifikerfi var lagt að 10 lóðum við Jaðarstún á Selfossi. Lágspennulagnir voru lagðar í 8 iðnaðarlóðir við

Gagnheiði á Selfossi. Lagnir voru lagðar í 3 lóðir við Hulduhól á Eyrabakka og 7 lóðir við Hjalladæl. Samtals voru lagðar heimtaugar að 120 lóðum. Tengdar voru 69 heimtaugar í ný hús og 50 skammtímatengingar ásamt því að settir voru upp 159 nýir ljósastaurar.

Rekstartruflanir á Árborgasvæði 2006

Rekstrartruflanir voru með því minnsta miðað við fyrri ár.

Þann 12. janúar brann 250A rofi fyrir bæinn Sólvang í dreifistöð 7 á Eyrabakka, þann 25. brann götukassi við Suðurengi Selfossi og þann 30. eyðilagði veghefill í snjómokstri 1 götukassa. Þann 15. febrúar bilaði 95q láspennustrengur fyrir dælustöð Selfossveitna við Haga en orsök bilunar var sú að grafið hafði verið í streng nokkru áður vegna framkvæmda á svæðinu. Við skoðun kom í ljós að skemmdir voru einnig á háspennustreng sem liggur á sama stað. Þann 7. mars var slitinn 4x240q lágspennustrengur vegna framkvæmda á lóð Sunnlækjarskóla. Keyrt var á nokkra götukassa sem kostaði minniháttar tjón en einnig var tjón á nokkrum ljósastaurum. Önnur tjón voru minniháttar.

INNKAUPA- OG BIRGÐAÐEILD

Umsvif erlendra innkaupa voru mun minni en árið áður eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Árið 2005 var innflutningur vegna Reykjanesvirkjunnar í hámarki sem skýrir hinn mikla innflutning það ár. Innflutningur árið 2006 er einnig að miklu leyti vegna Reykjanesvirkjunnar en nýframkvæmdir í dreifikerfum voru umfangsmiklar á árinu og hluti innflutningsins þeim tengdur. Innlend innkaup voru mikil á árinu sem sjá má á verulegri aukningu innlendra pantana eða úr 820 árið 2005 í 917 og aukning þá um tæp 12%. Á sama tíma fjölgar efnisafgreiðslum úr birgðageymslum úr 7.837 í 8.887 eða um rúm 13%. Ástæðan er fyrst og fremst hinar miklu dreifikerfisframkvæmdir.

Á árinu voru auglýst sautján útboð á Evrópska efnahags-



Aðrar framkvæmdir

Vinna við dreifistöðvar í kjölfar skoðana frá Skoðunarstofu. Endurnýjun á götuljósum, skipt út kínahöttum og settar upp Síteco luktir með natríum perum í staðinn. Endurnýjaðir voru nokkrir götukassar.

svæðinu vegna byggingar Orkuvers 6 í Svartsengi, þar af fimm verkútboð. Önnur útboð, sem auglýst voru innanlands, voru: Framkvæmdatryggingar vegna orkuvers 6 í Svartsengi, tvö útboð vegna breytinga og endurbóta á kaldavatnsdælustöð í Höfnum, annars vegar vinna við pípulögn og hins vegar við rafbúnað, tvö útboð vegna nýrra dælustöðvar í Dalshverfi í Innri-Njarðvík, þ.e. húsbýgging og dælu og útboð vegna endurbóta á kaldavatns-aðveitulögn fyrir Innri-Njarðvík.

Hitaveitan hefur nú í um fjögur ár haft öll útboðsgögn aðgengileg á heimasíðu sinni. Þar hafa bjóðendur getað nálgast gögnin án greiðslu eftir að hafa skráð nafn og netfang. Viðaukar eru jafnóðum settir á netið en jafnframt sendir í tölvupósti

til þeirra er hafa skráð sig vegna viðkomandi útboðs. Þetta fyrirkomulag hefur gefist afar vel og verið nánast vandræðalaust frá upphafi. Fundargerðir opunarfunda eru birtar jafnóðum á heimasíðunni og fyrir dyrum stendur að birta þar einnig upplýsingar um niðurstöður útboða og hvaða tilboðum hefur verið tekið.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru fimm þ.e. í Njarðvík, Svartsengi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fimm og einn í hlutastarfi auk birgðastjóra sem nú starfar við hlið innkaupastjóra við innlend innkaup o.fl. Birgðageymsla í Árborg er skv. samningi við Selfossvetur í umsjá birgðavarðar Selfossveitna. Að auki er nú rekin birgðageymsla við Reykjanesvirkjun og er hún í umsjá birgðavarðar sem er starfsmaður Eyktar, aðalverktaka við byggingu virkjunarinnar. Þessari birgðageymslu verður lokað á árinu 2007. Undir áramótin var opnuð birgðageymsla fyrir efni í orkuver 6 í Svartsengi. Starfsmaður Eyktar hefur umsjón með henni á sama hátt og birgðageymslunni á Reykjanesi.

Umsýslan á birgðageymslunum eykst frá fyrra ári eins og fram kemur hér að framan. Heildarvirði birgða í árslok, að undanskyldum birgðum á Reykjanesi og vegna orkuvers 6, var

um 382 mkr. en var um 287 mkr. í árslok 2005. Þetta er veruleg aukning tilkomin fyrst og fremst vegna mikilla framkvæmda á árinu sem erfitt reyndist tímasetja af nákvæmni en einnig vegna óreglu í afhendingu pantana. Stórar pantanir voru að berast skömmu fyrir áramót. Framkvæmdir á landinu öllu voru miklar á árinu, verktakar yfirhlaðnir verkum og áttu oft í erfiðleikum með að standast áætlanir. Of oft var þar að auki verkum ætlaður af skammur framkvæmdatími. Birgjar áttu í miklum erfiðleikum með að afgreiða efni á tilsettum tíma bæði vegna mikillar eftirspurnar hér heima og einnig þar sem þeir fengu ekki efni erlendis frá vegna mikillar eftirspurnar á heimamörkuðum framleiðenda. Vonir standa til að unnt verði að ná birgðastöðunni niður á árinu 2007.

Starfsemi innkaupastjórahóps Samorku, sem HS hf á fulltrúa í, var á svipuðum nótum og áður. Ákveðið var að framlengja samning við Siteco/Smith og Norland um kaup á götuljósum um eitt ár í samræmi við ákvæði samnings frá 2003. Samningur við Sandblástur og Málmhúðun um kaup á ljósastaurum rennur út á vormánuðum 2007 og ákveðið var í árslok að bjóða aftur sameiginlega út innkaup á ljósastaurum. Þá er í skoðun sameiginlegt útboð á ljósaperum.

Ár	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
	Fjöldi pantana	FOB-verð m.kr.	Aðflutn. gjöld m.kr.	Flutnings kostnaður m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2006	89	497,8	6,4	42,9	1,5	548,6	917	8887	741
2005	113	2.231,7	20,5	111,0	5,8	2.369,0	820	7837	653
2004	66	96,0	6,2	7,9	0,3	110,4	760	6512	543
2003	32	90,1	6,1	5,9	0,3	102,4	760	6050	504
2002	29	54,7	2,1	3,0	0,2	60,0	640		426
2001	32					90,0	400		
2000	36	57,3	3,7	4,2	0,2	65,4	510		
1999	74	573,8	39,3	12,4	1,7	627,2	560		
1998	84	234,4	6,3	7,8	0,7	249,2	500		
1997	64	64,1	2,7	4,8	0,3	71,9			
1996	82	116,0	10,0	6,0	0,6	132,6			

VIÐHALDSDEILD

Starfsmenn viðhaldsdeildar voru þrír á árinu eins og undanfarin ár og starfsemin með svipuðu sniði og áður. Viðhaldsdeildin annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS hf á Suðurnesjum og að hluta einnig í Hafnarfirði og Árborg. Helstu húseignir á Suðurnesjum eru skrifstofur og tækjageymsla við Brekkustíg og Bakkastíg, lagerhúsnæði við Fitjabraut og dælustöð á Fitjum í Reykjanesbæ. Í Hafnarfirði er um að ræða skrifstofuhúsnæði og tækjageymslu. Aðveitustöðvar á Suðurnesjum og í Hafnarfirði og Árborg eru 15 talsins. Dreifistöðvar á Suðurnesjum eru 185, 125 í Hafnarfirði og 45 í Árborg. Viðhaldsstjóri annast öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum sem eins og undanfarin ár hafa séð um hluta af viðhaldinu, ýmsar breytingar og smærri nýframkvæmdir. Hann sá einnig um eftirlit með framkvæmdum við dælustöð í Dalshverfi og hreinsun og sementskústun á miðlunargeymum á Fitjum, hvoru tveggja í Reykjanesbæ.

Verkefni viðhaldsdeildar voru margvísleg að venju. Deildin annast reglubundið þríf og viðhald í aðveitu- og dreifistöðvum á Suðurnesjum skv. ákveðinni fastri áætlun og er það eitt af megin verkefnum deildarinnar. Farið er árlega í allar stöðvar á svæðinu.

Á árinu voru settar upp 11 nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum. Viðhaldsdeildin sá um gerð undirstaða, kom stöðvunum fyrir á þeim og annaðist allan frágang. Þá var unnið við viðgerðir og viðhald á dreifistöðvum í Árborg og Hafnarfirði. M.a. var skipt um skrár í öllum aðveitu- og dreifistöðvum í Hafnarfirði vegna upptöku nýs lykklakerfis. Í aðveitustöð á Fitjum í Reykjanesbæ var unnið við margvíslegt viðhald og allar staurastæður háspennulínunnar milli aðveitustöðvarinnar og Rauðamels merktar.



Unnið var við byggingu nýrrar dælu- og hreinsistöðvar fyrir kalt vatn í Höfnum og uppsetningu girðingar um vatnsból og dælustöð í Garði.

Deildin sá um ýmsa verkþætti og frágang í Reykjanesvirkjun og í aðveitustöð á Rauðamel og margvíslegt viðhald í orkuverinu í Svartsengi.

Unnið var við breytingar á afgreiðslusal í starfsstöðinni að Bæjarhrauni 14 í Hafnarfirði svo og ýmsar minni háttar breytingar og tilflutninga að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ ásamt öllu tilfallandi viðhaldi.

UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið Hitaveitu Suðurnesja annast eins og nafnagiftan gefur til kynna upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður fyrirtækisins.

Það sem einkennir vinnu á upplýsingasviði fyrirtækisins líklega meira en nokkuð annað eru þau miklu samskipti sem starfsmenn þess eru við flesta starfsmenn fyrirtækisins. Þetta og aðkoma manna úr deildinni að mörgum verkefnum sem unnin eru í fyrirtækinu eru forréttindi sem fylgja starfinu.

Síðasta ár hefur mótast mikið af þeirri öru þróun sem á sér stað hjá orkufyrirtækjum landsins, ýmist vegna þróunar innan fyrirtækisins eða vegna boða stjórnvalda. Vegna nýrra raforkulaga hefur þurft að breyta ýmsu í upplýsingakerfum okkar og eru þau verkefni enn í gangi. Við svo stórfelldar breytingar á raforkuiðnaðinum verður að gera ýmsar breytingar bæði á verklagi fyrirtækja og upplýsingakerfum þeirra.

Á þessu ári tók til starfa nýr starfsmaður hjá Upplýsingasviði og eru starfsmenn þess nú þrír talsins.

Árið hefur farið í hin margþættu verk upplýsingasviðs, að aðstoða notendur, endurnýja vélbúnað og uppfæra hugbúnað ásamt því að bregðast við því óvænta sem alltaf lætur á sér kræla. Aðkoma starfsmanna sviðsins hefur á liðnu ári einnig verið meiri í rekstri eða vinnu í upplýsingakerfunum en oft áður vegna innleiðingamar á nýjum kerfum. Það þarf ákveðna þekkingu og reynslu í að vinna við kerfin til að fínþússa hvernig þau eru best notuð áður en rekstur þeirra færast að mestu í aðrar hendur.

Þessi aðkoma að mörgum þáttum innan fyrirtækisins er það sem meðal annars gefur tiltölulega litlu fyrirtæki eins og HS hf forskot í samkeppni við önnur fyrirtæki. Þekkingin og skilningurinn á því hvaða verkefni þurfa að vinnast í fyrirtækinu verða til þess að betri leiðir finnast til að útfæra þau. Ýmist vegna aðkomu þeirra sem ekki eru vanir að vinna viðkomandi verk eða vegna þess að starfsmenn sem vinna verkin venjulega eru hvattir til að hugsa út fyrir hefðbundna – venjubundna aðferðafræði verksins.

TÆKNIDEILD

Stækkun orkuvers í Svartsengi: Við Orkuver 6 í Svartsengi var unnið við hönnunarefirlit og hönnunarrýni eftir því sem tími vannst til ásamt gerð kostnaðar- og greiðsluáætlana fyrir verkefnið.

Virkjun á Reykjanes við það sem kallað er „Commissioning“. Séð var um samskipti við tæknimenn (supervisors). Höfð var yfirumsjón með prófunum og úttekt véla og gangsetningu virkjunarinnar frá vélaframleiðandanum Fuji Electric. Höfð var yfirumsjón með upphleypingu borholna, afkastamælingum, ákvörðun og stillingu afkasta úr þeim. Báðar 50 MW vélarnar voru komnar í rekstur í byrjun júní.

Unnið var við undirbúning á nauðsynlegum breytingum sem reyndust nauðsynlegar eftir gangsetningu. Þær eru nauðsynlegar við rekstur orkuversins til langframa. Breytingarnar eru aðallega fólgnar í endurbótum á legu gufulagna í lokahúsum við gufuháfa og Grálónshljóðdeyfa, svo og hönnun nýrra háfa á hljóðdeyfa við Grálón.

Borholur Reykjanesi: Tæknideild hafði umsjón með prófunum á borholum.

Önnur verkefni: Ennfremur vann tæknideildin að ýmsum smærri verkefnum til dæmis hönnun og áætlun fyrir nýja gufulögn að Haustaki.

STARFSMANNAHALD

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu og var sérstaklega einkennandi starfslok vegna aldurs en alls létu fjórir starfsmenn af störfum vegna aldurs.

Í Svartsengi lét af störfum í júní Bjarni Már Jónsson, vélfræðingur vegna aldurs en Bjarni hafði unnið hjá Hitaveitunni síðan maí 1979. Einnig fór Haukur Jónsson, til annarra starfa en Haukur hóf störf hjá fyrirtækinu sem verktaki við rekstur mótuneytis í Svartsengi fyrir rúmum tuttugu árum en hóf störf hjá fyrirtækinu í janúar 2003 sem umsjónarmaður mótuneytis.

Í rafmagnsdeildinni í Njarðvík létu tveir starfsmenn af störfum á sumarmánuðum vegna aldurs. Viðar Valdimarsson, rafvirki lét af störfum í júní en Viðar hóf störf í apríl 1988. Bjarni Guðmundsson, umsjónarmaður rafmagnsöryggismála lét af störfum í júlí en hann hóf störf í janúar 1991 sem rafmagns-eftirlitsmaður. Gústav Danielsson sem starfaði sem rafvirki í Njarðvík tók við stöðu umsjónarmanns rafmagnsöryggismála. Í rafmagnsdeildinni í Hafnarfirði lét af störfum í september Snorri Kristinsson, mæladeild. Snorri hóf störf febrúar 1977 hjá Rafveitu Hafnarfjarðar sem síðar sameinaðist Hitaveitu Suðurnesja hf 2001 við hans starfi tók Kjartan Jarlsson, sem hafði áður haft umsjón með götuljósum í Hafnarfirði.

Á skrifstofunni í Njarðvík urðu einnig nokkrar breytingar. Í apríl hófu störf Jónas Dagur Jónasson, umsjónarmaður upplýsingakerfa, og Þorgrímur Árnason, umsjónarmaður öryggis- og umhverfismála. Í lok maí létu tveir þjónustufulltrúar af störfum. Una Kristín Árnadóttir sem hóf störf í byrjun síðasta árs hvarf til annarra starfa og Hafsteinn Ingvarsson lét af störfum vegna aldurs. Hafsteinn hóf störf hjá fyrirtækinu í mars 1981 og starfaði áður sem innheimtustjóri hjá fyrirtækinu. Nýr þjónustufulltrúi, Sigríður Jenný Svansdóttir, hóf störf í maí og svo bættist liðsauki í þjónustufulltrúahópinn í desember þegar Jóhanna Pétursdóttir hóf störf. Í lok ársins réðist Elsie Einarsdóttir, aðalbókari, til annarra starfa en Elsie hóf störf árið 2000. Í stöðu aðalbókara var ráðinn Guðrún Karitas Garðarsdóttir, viðskiptafræðingur. Þær breytingar urðu í álestrum og lokunum að Sigurður B. Magnússon fór yfir í vatnsdeildina í Njarðvík en í hans stað í álestra og lokanir kom Magnús Magnússon.



Aukning var á lagernum á Fitjabraut í júní þegar Guðmundur Axelsson hóf störf. Einnig urðu breytingar á lagerhaldi í september í Vestmannaeyjum en Valgeir Kolbeinsson flutti „uppá land“ og fór til annarra starfa en Valgeir hóf störf hjá HS 2005. Í hans stað var ráðinn Karl Karlsson.

Þann 1. október tók Hitaveitan tímabundið við rekstri dreifikerfi vatns- og rafmagnsveitna á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli þegar starfsemi Varnaliðsins á Keflavíkurflugvelli lagðist niður. Vegna þessa var gengið frá tímabundinni ráðningu nokkurra starfsmanna Varnarliðsins. Frá kaldavatsn-hlutanum komu til starfa Arnór Guðmundsson, vélvirki og Ragnar Darri Hall, landfræðingur og frá rafmagnshlutanum Guðmundur Bertelsson, rafvirki og iðnfræðingur.

Í vatnsdeildinni í Njarðvík var Hallvarði Jónssyni, pípulagn-ingamanni, veitt launalaust leyfi frá október í eitt ár.

Starfsmannafjöldi Hitaveitu Suðurnesja hf er nú orðinn 129 í 127,3 stöðugildum á fimm starfsstöðum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum, alls 171 manns greidd laun á árinu.

STARFSMENN OG ÞJÓNUSTA

	2006				2005			
	Fjöldi starfsmanna		Stöðugildi		Fjöldi starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn	2		2,0		2		2,0	
Fjármála- og þjónustusvið	28		26,3		29		27,3	
Orku- og markaðssvið	1		1,0		1		1,0	
Þróunar-, umhverfis-, og tæknisvið	2		2,0		1		1,0	
Gæða- og starfsmannamál	1	34	1,0	32,3	1	34	1,0	32,3
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn	2		2,0		2		2,0	
Stjórnþínaður	2		2,0		2		2,0	
Viðhald og eftirlit	21	25	21,0	25,0	22	26	22,0	26,0
Forstöðumaður hitaveitu og ferskvatnsdeildar .	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	17	19	17,0	19,0	16	18	16,0	18,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun	3		3,0		3		3,0	
Tækniteiknun	3		3,0		3		3,0	
Viðhald og eftirlit	24		24,0		24		24,0	
Rafmagnsöryggismál	4		4,0		4		4,0	
Mælar	3	38	3,0	38,0	3	38	3,0	38,0
Upplýsingakerfi	2	2	2,0	2	2	2	2,0	2
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja . .	2		2,0		1		1,0	
Birgðavarsla	6		6,0		6		6,0	
Viðhald mannvirkja	3	11	3,0	11,0	3	10	3,0	10,0
Samtals	129		127,3		128		126,3	
Suðurnes - Njarðvík	62		62,0		59		59,0	
Suðurnes - Svartsengi	26		26,0		27		27,0	
Hafnarfjörður	22		21,5		23		22,5	
Vestmannaeyjar	15		13,8		15		13,8	
Selfoss	4	129	4,0	127,3	4	128	4,0	126,3
Samtals	129		127,3		128		126,3	

GÆÐAMÁL

Úttekt Innri Öryggisstjórnunarkerfi rafmagnsveitu

Árleg úttekt Innri Öryggisstjórnunarkerfi rafmagnsveitu fór fram dagana 19. og 20. desember. Gerð er viðhaldsskoðun á 1/3 hluta öryggisstjórnunarkerfisins samkvæmt reglugerð en Rafskoðun hefur séð um úttektina frá upphafi. Samkvæmt skoðunaráætlun voru eftirfarandi þættir skoðaðir skv. gátorðum Löggildingastofu: hættu- og neyðarástand, innri úttektir, skjalastýring, skrár um virki, úrvinnsla athugasemda og vinnuferlar. Nokkrar athugasemdir komu fram í úttektinni og er unnið að lagfæringum.

Rekstrarhandbók

Eins og sagt var frá í síðustu ársskýrslu var gengið frá samningum við Opin Kerfi um rekstrarhandbók fyrirtækisins sem mun hýsa þau kerfi sem HS starfar eftir. Fenginn var ráðgjöf frá VKS hvernig best væri að setja upp handbókina m.t.t. starfssemi HS og þau kerfi sem unnið er eftir og hugsanlega unnið eftir í framtíðinni. Niðurstaða þeirrar vinnu hefur nýst við undirbúning við uppsetningu og innleiðingu kerfisins. Gert er ráð fyrir að kerfið verði tilbúið á nýju ári og kynnt starfsmönnum HS.

Gámes

Lögð var lokahönd á verklagsreglur og eyðublöð er tilheyrja gámes verkefninu en vinnuhópur hefur verið að störfum um nokkurn tíma. Í lok ársins var kerfið kynnt starfsmönnum vatnsdeildar þar sem farið var yfir allar verklagsreglur og eyðublöðum

ÖRYGGISMÁL

Öryggisnefnd

Á síðasta ári var ráðinn starfsmaður sem hefur umsjón með öryggis- og umhverfismálum HS. Ásamt því að huga almennt að þessum málaflokki hefur eitt verkefna hans verið



dreift til notkunar. Á nýju ári mun vinnuhópur vinna að endurskoðun á eyðublöð eftir fengna reynslu og einnig verður unnið að því að setja kerfið upp í Rekstrarhandbók HS.

Starfsmannastefna

Í lok árs 2005 var stofnaður gæðahópur til að vinna verkefnið „Starfsmannastefna HS“. Liðsmenn verkefnisins kláruðu verkefnið á settum tíma og var starfsmannastefnan samþykkt á stjórnarfundum HS þann 31. mars. Verkefnið var í tveimur liðum annars vegar að ljúka við drög að starfsmannastefnu sem hafa verið til nokkuð lengi og hins vegar að uppfylla lög nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla með því að leggja fram jafnréttisáætlun.

að huga að öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum varðandi Reykjanesvirkjun og orkuver 6. Ýmis mál voru tekinn fyrir á fundum nefndarinnar en helstu verkefni á nýju ári verður að vinna að áhættumati fyrirtækisins.

SKRIFSTOFA

Árið 2006 hefur verið mjög erlísamt og margir nýir þættir komið inn í starfsemi og verkefni skrifstofu og bókhalds. Enn má segja með sanni að árið hafi verið ár breytinga. Með nýjum raforkulögum fylgdu viðamiklar og flóknar breytingar, sem að miklu leyti gengu í garð árið 2005. Það var þó ekki fyrir en á þessu ári sem Netorka tók til starfa og almenn söluaðilaskipti fóru að eiga sér stað. Með tilkomu Netorku urðu margar og veigamiklar breytingar. Öll skráning viðskipta fer þar í gegn, bæði álestrar og notendaskipti. Þetta leiðir af sér að gríðarlega mikið af upplýsingum og skráðra gagna flæðir á milli aðila gegnum Netorku. Þetta hefur kallað á viðamiklar sendingar upplýsinga á milli og því fylgir mikil vinna við skráningu, sendingu og móttöku skeyta. Það þarf einnig mikið eftirlit og umsjúlu með þessi gögn til að tryggja að þau séu rétt og gefi þær upplýsingar sem ætlast er til. Eðli málsins samkvæmt hafa þessar breytingar áhrif allsstaðar í fyrirtækinu og snerta ekki hvað síst starfsfólk skrifstofu með einum eða öðrum hætti.


Söluaðilaskipti raforku kaupanda, það er frelsi viðskiptavina til að velja sér aðila til að kaupa raforku af hófust á árinu 2005 gagnvart stærri viðskiptavinum. Aðilar sem nota á ári 100 kW eða meira höfðu val um söluaðila á því ári. Þessi viðskiptaháttur fór fremur rólega af stað, en þó voru nokkrir sem kusu að skipta og í flestum tilvikum voru það aðilar sem hafa starfsemi á mörgum dreifisvæðum og sáu sér hag í að kaupa orkuna frá einum aðila og leitast þannig við að ná fram samlegðaráhrifum. En þó urðu flestar breytingarnar á árinu 2006.

Það var því á árinu 2006 sem allir viðskiptavinir fengu heimild, samkvæmt þessum lögum, til að velja sér söluaðila orkunnar. Frá og með 1. júní 2006 hófust þessi viðskipti og hafa nokkrir einstaklingar og smærri fyrirtæki nú skipt um orkusala. Það er lítið sem viðskiptavinir bera úr bitum við þetta. Verðmunur milli orkusala er mjög óverulegur og getur með gjaldskrárbreytingum snúist við á einni nóttu. Allur sá kostnaður sem er samfara þessum breytingum mun því á komandi árum leggjast á viðskiptavini orkufyrirtækjanna með ænum þunga, án þess að þeir fái í raun nokkuð í staðinn, nema heimild til að geta keypt raforkuna af því sölufyrirtæki sem þeir kjósa. Dreifing og flutningur, sem er um eða yfir 50% heildarkostnaðar þeirra, mun eftir sem áður vera háður sérleyfi og bundinn því fyrirtæki sem sér um dreifingu á viðkomandi svæði.

Vinna við samtengt upplýsingakerfi K+ og Axapta lá að mestu niðri á árinu, en er nú komin í gang aftur og verður vonandi lokið á árinu 2007.

Skipulag og starfsemi tengd skrifstofu HS hf í Njarðvík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og þjónusta á Árborgasvæðinu er ávallt í endurskoðun, þar sem kappkostað er að hafa þjónustuna skilvirka ásamt því að leitast við að jafna álag á starfstöðvar og einstaka starfsmenn. Töluverð vinna hefur verið lögð í útfærslu þjónustuborðs, starfsfólki fjölgað og störfum breytt. Þar er mikil vinna enn eftir, enda margt sem hefur haft áhrif á þróun mála í því sambandi.

Gjaldfallnir reikningar skiptast þannig eftir gjalddögum, upphæðir í milljónum kr:



Innheimtumálin hafa gengið nokkuð vel á árinu enda hefur eftirfylgni verið meiri en oft áður. Við höfum beitt þeim aðferðum í meira mæli að hafa símasamband við viðskiptavini sem eru í vanskilum og leysum þá, og okkur, þar með undan erfiðum lokunaraðgerðum. Þetta virðist gefa góðan árangur og munum við halda þessari aðferð áfram til að bæta innheimtuna enn frekar. Nú liggja fyrir tillögur að átaki til að fá fleiri viðskiptavini til að greiða orkureikninga sína með bein- og boðgreiðslum. Hlutfall viðskiptavina sem greiða á þennan hátt er svipað og var í fyrra, en 53% greiða á þennan hátt, var 52% á síðasta ári. Við vildum gjarnan hækka þetta hlutfall en það kostar talsverða vinnu að ná því markmiði.


Samið var við Intrum um kröfuvakt á hluta þeirra krafna sem áður höfðu verið afskrifaðar hjá HS. Fjöldi þessara krafna var í upphafi 223, að upphæð 36,4 mkr. án dr.vaxta. Um áramótin voru eftirstöðvar 33,8 mkr. og var fjöldi mála 205.

Hér fyrir neðan er súlurit sem sýnir aldurskiptingu útistandandi orkuskulda. Það skal sérstaklega tekið fram að súlur sem sýna skuldir 31 dagur og eldri og gjaldfallnar skuldir eru töluvert hærri en þær þyrftu að vera vegna eins viðskiptamanns. Þar er um að ræða skuldir sem tilheyra orkukaupum á Keflavíkurflugvelli. Af 141,5 mkr. eru 63,5 mkr. tengdar yfirtöku ríkisins á vallarsvæðinu. Þessar skuldir eru að fullu greiddar þegar þetta er skrifað.

Eins og sést er meirihluti útistandandi orkuskulda, 61 dagur og eldri og 91 dagur og eldri, skuldir sem eru í lögfræðilegri innheimtu. Reynslan sýnir að af málum sem Lögheimtan hefur lokið fyrir okkur hafa aðeins um 30% af fjölda krafna innheimtist enda hefur löggjafinn ekki tekið nógu hart á svokölluðu kennitölufлакki og í mörgum tilfellum er innheimtan því mjög erfið. Nú eru til innheimtu 149 mál og er skiptingin á þeim sýnd á súluriti, bæði skipting eftir fjölda mála og höfuðstóli.:



Staða mála í lögfræðilegri innheimtu 31.12.2006



RAFORKUKAUP OG RAFORKUSALA

Heildar raforkusala HS hf jókst mikið á milli ára og fór yfir 1 TWh með tilkomu Reykjanesvirkjunar og orkuafhendingar til Norðurlás í Hvalfirði í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.

Sala til almennra viðskiptavina fyrirtækisins jókst einnig á milli ára. Munar þar mestu um aukna sölu fyrirtækisins til nýrra viðskiptavina utan dreifiveituvæða HS hf. Á Hafnarfjarðarsvæðinu hélt aukning raforkunotkunar áfram og jókst orkuafhending um tæp 10% meðan samdráttur upp á tæp 4% varð á Reykjaneskaganum. Munar þar mestu um brotthvarf varnarliðsins og minnkandi orkunotkun fyrir starfsemi tengdri varnarliðinu. Þó samdráttur hafi verið á öllu svæðinu jókst orkuafhending í Reykjanesbæ talsvert með aukinni byggð á svæðinu.

Á suðursvæðinu, Árborg og Eyjum, hélt raforkunotkun áfram að aukast. Í Árborg varð aukning um rúm 4% meðan notkun í Eyjum minnkaði lítillega vegna minni uppsjávarafla.

Í júní opnaðist raforkumarkaður þannig að allir gátu skipt um raforkusala óháð stærð eins og verið hafði frá janúar 2005. Með tilkomu breytinganna fluttu nokkur stór fyrirtæki öll raforkuviðskipti til HS hf. Ekki var ráðist í neina skipulagða markaðssókn eins og keppinautar okkar. Nokkur stærri fyrirtæki og fyrirtæki með dreifða starfsemi buðu út sín raforkuviðskipti og reyndist orðspor og ímyndi HS hf sterk í þeim útboðum. Viðskiptavinir virtust kunna að meta HS hf sem vistvænan orkuframleiðanda sem umgengst orkulindir og umhverfi af fagmennsku ásamt því að vera rekið án pólitískra afskipta.

Hlutfall eiginframleiðslu HS hf var tæplega helmingur af orkuþörf fyrirtækisins fyrir almenna viðskiptavini. Landsvirkjun er enn stærsti einstaki orkuframleiðandinn fyrir almennan markað fyrirtækisins en hlutfall hennar mun fara minnkandi á næstu árum vegna aukinnar eigin framleiðslu og minnkandi sölu til Landsvirkjunar vegna fyrri samninga um orkuafhendingu til stóriðju. Aðrir orkuframleiðendur sem HS hf hafði viðskipti við eru Múlavirkjun á Snæfellsnesi, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða ásamt því að nokkuð var keypt af orku sem jöfnunarorka frá Landsneti.

HS hf vinnur nú að byggingu orkuvers 6 í Svartsengi og hreinsun og tengingum á nýjum holum á Reykjanesi. Með tenginu þessara mannvirkja mun eigin framleiðsla fyrirtækisins aukast til muna sem styrkja mun fyrirtækið á komandi árum.

Á árinu var lokið við að semja við Íslenskar Orkuvirkjanir á Seyðisfirði um orkukaup frá tveimur virkjunum sem byggðar verða í Fjarðará og teknar í notkun í lok 2007. Gerður var samningur til 25 ára um viðskiptin og verða þessar virkjanir keyrðar sem toppafl með uppsett afl um 12 MW og orkuframleiðslu um 70 GWh á ári.

Ljóst er að mikil ásókn er í orku frá fyrirtækinu og margir sem vilja komst í viðskipti með margskonar orkufrekan iðnað. Ef samið verður við Norðurlál um orkusölu til nýs álvers í Helgúvík eins og margt bendir til, er ljóst að ráðast þarf í ný verkefni sem þurfa að gefa okkur um 150 MW eða um 1,3 TWh árlega. Hér er um tvöföldum á núverandi orkuframleiðslu að ræða þannig umsvifin munu aukast nokkuð.

FJÁRMÁL

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2006 einkenndist af einstökum mjög sveifluvaldandi liðum. Fjármagnsgjöld voru 1,5 milljarður, söluhagnaður um 400 milljónir og síðan voru nettó-áhrif tekjuskattsinnæignar og tekjuskatts tímabilsins jákvæð um 1,2 milljarða. Bókfærður hagnaður varð þannig 2.343 m.kr. móti um 1.576 m.kr. árið áður og jókst þá um tæplega 770 m.kr.

Hagnaði fyrirtækisins hafði fram til ársins 2001 að mestu verið varið til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins, til afborgana af lánum og til fjárfestinga í orkuveri, veitukerfum o.fl. Þá var vegna breytinga á rekstrarformi o.fl. ákveðið að greiða árlega út arð til eigenda fyrirtækisins og var ákveðið að miða við um þriðjung árlegs hagnaðar. Arðgreiðslur á þessum 7 árum nema þá samtals tæplega 3.1 milljarði kr. Afskriftir voru samtals 996 m.kr. sem er um 3,4% bókfærðs heildarverðs í árslok, en það var 29,1 milljarður króna. Ofangreindar arðgreiðslur og miklar fjárfestingar hafa þrengt greiðslustöðu verulega en þó var veltufjárlufallið í árslok 0,84, var 0,71 í árslok 2005, 0,85 í árslok 2004, 0,96 í árslok 2003, 1,08 í árslok 2002, 0,96 í árslok 2001 en 2,31 hjá Hitaveitu Suðurnesja í árslok 2000. Þess ber þá að geta að fjárfestingar voru miklar og sumar lán- aðar vaxtalaust og þá hafði fyrirtækið gengið frá lánsamningi að upphæð um 900 m. kr.

Rekstrartekjur ársins námu alls 6.031 milljónum króna sem er um 29% hækkun í krónutölu frá árinu áður en um 20% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.286,9 m.kr. af vatns-sölu (21,3% en var 28,7% árið 2005 og 34,2% árið 2004), 2.747,6 m.kr. af almennri raforkusölu (45,5%), raforkusala til stóriðju 1.343,3 m.kr. (22,3%), ferskvatnssala 206,6 m.kr. (3,4%), tengigjöld 173,3 m.kr. (2,9%) og aðrar tekjur 273,7 m.kr. (4,5%). Rekstrargjöld voru 3.849 m.kr. og voru afskriftir þar af 996 m.kr. (25,9%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 1.074 m.kr. en voru árið áður jákvæðir um 4 m.kr. Arðsemi eigin fjár var 14,93% en á árinu áður var hún 11,44%



en hagnaður á hlut 0,31 móti 0,21 árið áður. Eiginfjárlutfall var 51,1% en var 55,9% árið áður og veltufé frá rekstri jókst um 937 m.kr. úr 2,27 milljörðum í 3,2 milljarða (41%).

Greiddar voru 350 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu en tekin voru lán vegna Reykjanesvirkjunar og Orkuvers 6 að upphæð 1.410 m.kr. hjá NIB, 1.587 m.kr. hjá EIB og hjá CEB 892 m.kr. Lántökur í heild námu því 3.889 m.kr. og auk þess er ótekið lánsloforð hjá CEB að upphæð um 900 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 12.591 m.kr., (gengistap og verðbætur voru alls 1.434 m.kr.) þar af 12.262 m.kr. í erlendri mynt (97,4%) og heildarskuldir 15.004 m.kr. Meðal vaxtabyrði langtímalána var 3,22% í árslok.

Í áætlunum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að fjárfestingar í orkuveri 6 í Svartsengi verði um 2,1 milljarðar, um 1 milljarður við orkuverið á Reykjanesi og að aðrar fjárfestingar verði um 2.1 milljarður og heildarfjárfestingar því um 5,2 milljarðar. Afskriftir eru áætlaðar verða um 1.200 m.kr., afborganir langtímaskulda u.þ.b. 520 m.kr., greiðslur til eigenda 400 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 7.100 milljónir (eingreiðsla

SKIPTING REKSTRAR HS hf 2006*


	Suðurnes	Hafnarfjarðar- svæði	Vestmanna- eyjar	Árborgar- svæði	Orkuver	Söludeild	Samtals
Framleiðsla							
Tekjur	0	0	0	0	2.625.973	0	2.625.973
Rekstrargjöld	0	0	0	0	-815.373	0	-815.373
Afskriftir	0	0	0	0	-583.928	0	-583.928
	0	0	0	0	1.226.672	0	1.226.672
Heitt vatn							
Tekjur	1.152.889	0	204.152	0	0	0	1.357.041
Rekstrargjöld	-786.912	0	-121.045	0	0	0	-907.957
Afskriftir	-75.708	0	-34.220	0	0	0	-109.928
	290.269	0	48.887	0	0	0	339.156
Ferskvatn							
Tekjur	176.527	0	51.986	0	0	0	228.513
Rekstrargjöld	-82.448	0	-36.547	0	0	0	-118.995
Afskriftir	-21.877	0	-19.352	0	0	0	-41.229
	72.202	0	-3.913	0	0	0	68.289
Dreifing							
Tekjur	620.932	519.408	175.078	180.840	0	0	1.496.258
Rekstrargjöld	-383.647	-321.505	-126.975	-93.775	0	0	-925.902
Afskriftir	-83.727	-71.359	-33.110	-24.248	0	0	-212.444
	153.558	126.544	14.993	62.817	0	0	357.912
Flutningur							
Tekjur	116.370	14.042	2.967	0	0	0	133.379
Rekstrargjöld	-16.631	-4.043	-389	0	0	0	-21.063
Afskriftir	-41.112	-1.541	-486	0	0	0	-43.139
	58.627	8.458	2.092	0	0	0	69.177
Sala							
Tekjur	0	0	0	0	0	1.559.312	1.559.312
Rekstrargjöld	0	0	0	0	0	-1.437.597	-1.437.597
Afskriftir	0	0	0	0	0	-2.159	-2.159
	0	0	0	0	0	119.556	119.556
Þjónusta							
Tekjur	22.741	28.831	5.111	7.956	0	0	64.639
Rekstrargjöld	-18.380	-25.243	-5.386	-10.662	0	0	-59.671
Afskriftir	-1.128	-1.430	-254	-395	0	0	-3.207
	3.233	2.158	-529	-3.101	0	0	1.761
Samtals							
Tekjur	2.089.459	562.281	439.294	188.796	2.625.973	1.559.312	7.465.115
Rekstrargjöld	-1.288.018	-350.791	-290.342	-104.437	-815.373	-1.437.597	-4.286.558
Afskriftir	-223.552	-74.330	-87.422	-24.643	-583.928	-2.159	-996.034
	577.889	137.160	61.530	59.716	1.226.672	119.556	2.182.523
Hrein fjármagnsgjöld							-1.073.612
Tekjuskattur							1.234.858
							2.343.769

* Ekki endanleg skipting.

frá varnarliðinu að upphæð 700 m.kr. innifalin) auk um 1.200 m.kr. „millideildasölu“ (raforka og vatn frá eigin orkuveri). Gert er ráð fyrir lántökum að upphæð um 2,5 milljarðar auk þess sem skammtímaskuldir hækki um 600 m.kr. Gjaldskrá hitaveitu hækkaði um 4% þann 1. janúar og 2,6% 1. ágúst 2006 en raforka lækkaði lítillega í ársbyrjun þrátt fyrir hækkun á raforkuverði frá Landsvirkjun og annan aukin tilkostnað vegna raforkulaganna en hækkaði síðan um 2,5% 1. ágúst í kjölfar hækkunar Landsvirkjunar. Ástandið er í raun mjög undarlegt því smásöluaðilar eru með gjaldskrá sem er lægri en heildsölu-gjaldskrá Landsvirkjunar. Ástæða þess að HS hf og OR er þetta mögulegt er eigin framleiðsla fyrirtækjanna en vandséð er hvaða efnahagslegar forsendur liggja að baki hjá öðrum smásölu-aðilum. Áhrif raforkulaganna eru því enn að nokkru leyti dulin og undirliggjandi almenn hækkunarþörf augljós. Að öðru leyti er vísað til taflna og mynda hvað varðar nánari skýringar á fjárhagsstöðu fyrirtækisins.




Hlutfallsleg skipting tekna 2006




Vatnssala	1.286.948	Tengigjöld	173.263
Ferskvatnssala	206.555	Aðrar tekjur	259.095
Rafmagnssala	2.747.643	Söluhagnaður	427.588
Rafmagnssala stóriðja	1.343.256	Tekjuskattur	1.234.858
Orkusala eigin orkuver	1.113.611		

Hlutfallsleg skipting gjalda 2006




Almenn rekstrargjöld	1.676.145	Afskriftir	996.033
Raforku kaup og flutningur	1.176.708	Fjármagnskostnaður	1.486.553
Orkusala eigin orkuver	1.113.611	Hagnaður	2.343.767

Hlutfallsleg skipting stærða




Handbært fé	55.956	Orkuver o.fl. í byggingu	1.671.667
Skammtímaskuldur	1.121.534	Hitaveitu- og ferskvatnsk.	2.164.850
Rekstrarvörubirgðir	397.685	Rafveitukerfi	5.392.361
Áhættufjárm. og langt.kröfur	532.956	Aðrir rekstrarfjármunir	894.420
Skatteign	1.234.858	Óefnislegar eignir	25.223
Orkuver	17.208.037		

Skuldir




Skammtímaskuldur	2.740.043	Lífeyrisskuldbinding	920.080
Langtímaskuldur	7.201.993	Eigið fé	13.771.251

Uppruni fjármagns



Handbært fé frá rekstri	3.251.876	Tekin ný lán	3.888.830
Sala eigna	637.378	Lækkun á handbæru fé	420.050

Ráðstöfun fjármagns



Orkuver og veitukerfi	7.293.658	Afborganir langtímalána	345.799
Fjárf. í eignarhl. í öðrum fél.	138.677	Greiddur arður	420.000

LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU ORKUVEITA

RAFMAGNSVEITA / DREIFING	Suðurnes Magn	Hafnarfj. Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Önnur svæði Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	163	13	159	1.035		km ²
Íbúar á orkuveitusvæðinu	18.912	28.423	4.084	7.311	58.730		fjöldi
Heimtaugar	5.952	5.917	1.984	2.913	16.766		fjöldi
Veitur (mælitæki)	9.131	13.339	2.328	3.551	28.349		fjöldi
Götuljósastólpar	6.193	6.768	1.504	2.748	17.213		fjöldi
Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	1.082,0	1.164,0	220,3	277,7	2.744,0		kW
Fjöldi starfsmanna	62	23	15	4	104		stöðugildi
Fjöldi ársverka	20	22,50	7	4	54		ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennafl	398,4	41,0	52,5	20,0	511,9		MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennafl	176,00	88,79	26,20	22,99	313,98		MVA
Lengd aðveitukerfis	173,0	3,7	1,5	0,0	178,2		km
Lengd háspennudreifikerfis	263,0	126,1	25,7	46,9	461,7		km
Lengd lágsþennudreifikerfis	1.577,0	744,364	87,4	173,2	2.582,0		km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótr. orku	32,44	29,18	10,00	9,40	81,0		MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótr.orku	37,13	30,07	24,23	13,17	104,6		MW
Orkuöflun alls - aðrir	243,7	144,2	111,3	58,9	558,1		GWh/ári
Smásala	187,0	135,1	38,8	46,1	407,0	26,7	GWh
Smásala - aðrir á dreifuveitusvæði HS hf						-4,8	GWh
Smásala ótrygg orka	5,3	1,8	68,5	11,0	86,6	14,0	GWh
Heildsala	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	633,0	GWh
Smásala (án vsk)	1.203,0	924,0	365,1	323,4	2.815,5		Mkr
Heildsala (án vsk)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	6,26	6,75	3,40	5,66	5,70		kr/kWh
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	3,38	0,00	15,01	0,70	19,09		Mkr
Niðurgreitt magn	1.080.977	0	4.794.445	223.734	6.099.156		kWh

HITAVEITA	Suðurnes Magn	Eyjar Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	13,3	713	km ²
Íbúar með hitaveitu	18.800	3.553	22.353	fjöldi
Hús tengd hitaveitu	5.759	1.452	7.211	fjöldi
Veitur (mælitæki)	6.326	1.427	7.753	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	62	15	77	stöðugildi
Fjöldi ársverka	15	5	20	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150	0	150	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125	38	163	MW
Lengd safn- og aðveituzæða	67	1,4	68,4	km
Lengd dreifikerfis	355,1	70,7	425,8	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	9.979.844	1.404.933	11.384.777	m ³ /ári
Hámarksálag á árinu	100,5	14,5	115,0	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	615	64,4	679,7	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: Jarðhiti	100	0		%
Hlutfall orkuframleiðslu: Annað	0	100		%
Smásala	27.052		27.052	l/mín
Smásala	1.468.465	1.153.280	2.621.745	m ³
Smásala (án vsk)	1.086,3	201,0	1.287,3	Mkr
Heildsala (án vsk)	0	0,0	0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,35			kr/kWh
Meðalverð í smásölu (án vsk)		174,30		kr/m ³
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0	72,14	72,14	Mkr
Niðurgreitt magn	0	785.801	785.801	m ³





ÁRSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2006

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins fyrir árið 2005.

Þann 15. mars 2006 tilkynnti bandaríkjastjórn að herstöð-
inni í Keflavík yrði lokað frá og með 1. október 2006. Varnarliðið
hefur verið stærsti einstaki kaupandi heits vatns og raforku af
félaginu og námu tekjur Hitaveitunnar vegna þessara viðskipta
984 millj. kr. á árinu 2005. Samkvæmt samningi um kaup
varnarliðsins á heitu vatni er kveðið á um að semja eigi um
eingreiðslu til Hitaveitunnar verði herstöðinni lokað. Þann 25.
október 2006 barst Hitaveitunni tilboð um að samningnum yrði
lokað með eingreiðslu að fjárhæð 10 millj. dollara og var tilboð-
inu tekið á stjórnarfundum daginn eftir. Ekki hefur verið gengið frá
endanlegum samningi um eingreiðsluna.

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er
kveðið á um að orkufyrirtæki sem til þessa hafa verið undanþeg-
in tekjuskatti skuli skattskyld frá og með árinu 2006. Vegna
þessa er tekjuskattur færður í rekstrarreikning ársins. Annars
vegar er gjaldfærður tekjuskattur vegna ársins að fjárhæð 183
millj. kr. Hins vegar er tekjuskattur vegna tímabundinna mis-
muna á bókfærðu verði einstakra eigna og skulda félagsins ann-
ars vegar og skattalegu verði þeirra hins vegar við upphaf skatt-
skyldunnar að fjárhæð 1.418 millj. kr. Samanburðarfjárhæðum
í ársreikningnum er ekki breytt þar sem félagið var undanþegið
skattskyldu til ársloka 2005. Nánari grein er gerð fyrir skatt-
skyldunni og áhrifum hennar á rekstur og fjárhag félagsins í
skýringum o og p.

Reykjanesvirkjun var tekin í notkun í maí 2006 og hófst þá
um leið bein raforkusala til stóriðju, sem mun leiða til varanlegrar
hækkunar á tekjum félagsins af raforkusölu.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins
6.031 millj. kr. og hagnaður þess var 2.344 millj. kr. Samkvæmt
efnahagsreikningi námu eignir félagsins 30.700 millj. kr. Eigið
fé í árslok nam 15.695 millj. kr. eða 51% af heildarfjármagni.
Þetta hlutfall var 56% í ársbyrjun.

Hluthafar félagsins voru tíu í árslok sem er óbreytt frá árs-
byrjun. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en
þeir eru:

Eignarhluti

Reykjanesbær	39,75%
Hafnarfjarðarbær	15,41%
Ríkissjóður	15,23%

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2007 verði greiddur
400 millj. kr. arður til hluthafa, en vísar að öðru leyti til ársreikn-
ingsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu
eigin fé félagsins á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf
staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með
undirritun sinni.

Njarðvík, 2. mars 2007

STJÓRN:



FORSTJÓRI:



ADSTOÐARFORSTJÓRI



ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitu Suðurnesja hf

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og hæfilegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim

ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 2. mars 2007.



KPMG hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrartekjur:			
Raforkusala		4.090.899	2.766.472
Hitavatnssala		1.286.948	1.343.746
Ferskvatnssala		206.555	182.791
Aðrar tekjur	1	447.006	388.519
Rekstrartekjur samtals		6.031.408	4.681.528
Rekstrargjöld:			
Rekstur orkuvera		592.473	310.551
Rekstur rafveitukerfa		329.345	307.823
Raforkukaup og raforkuflutningur		1.176.708	1.139.211
Rekstur hitaveitukerfa		200.659	190.207
Rekstur ferskvatnskerfa		58.826	56.491
Sameiginlegur rekstrarkostnaður		494.842	435.758
Afskriftir		996.033	670.016
Rekstrargjöld samtals	2	3.848.886	3.110.057
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		2.182.522	1.571.471
Fjármunatekjur		465.212	120.793
Fjármagnsgjöld		(1.538.825)	(116.412)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	4	(1.073.613)	4.381
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.108.909	1.575.852
Tekjuskattsinnæign við upphaf skattskyldu		1.418.304	-
Tekjuskattur ársins	5	(183.446)	-
Hagnaður ársins		2.343.767	1.575.852
Hagnaður á hlut	6	0,31	0,21

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir			
Rekstrarfjármunir	7	25.659.952	12.276.294
Rekstrarfjármunir í byggingu	7	1.671.667	9.819.942
Óefnislegar eignir	8	25.223	29.889
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9	506.574	409.405
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	26.098	164.511
Skatteign	11	1.234.858	0
Fastafjármunir samtals		29.124.372	22.700.041
Birgðir		397.685	243.624
Viðskiptakröfur	12	994.203	866.287
Aðrar skammtímakröfur		127.331	347.409
Handbært fé		55.956	476.006
Veltufjármunir samtals		1.575.175	1.933.326
Eignir samtals		30.699.547	24.633.367
Eigið fé			
Hlutfé		7.454.816	7.454.816
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		1.863.704	1.749.844
Óráðstafað eigið fé		6.376.498	4.566.591
Eigið fé samtals	13	15.695.018	13.771.251
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	14	1.016.017	920.080
Vaxtaberandi skuldir	15	12.105.699	7.201.993
Langtímaskuldir samtals		13.121.716	8.122.073
Vaxtaberandi skuldir	15	459.166	386.153
Viðskiptaskuldir		1.186.284	2.179.541
Aðrar skammtímaskuldir		237.363	174.349
Skammtímaskuldir samtals		1.882.813	2.740.043
Skuldir samtals		15.004.529	10.862.116
Eigið fé og skuldir samtals		30.699.547	24.633.367

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRSINS 2006

	Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innbargaðs hlutfjár	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2005					
Eigið fé 1.1.2005		7.454.816	1.749.844	3.320.739	12.525.399
Greiddur arður				(330.000)	(330.000)
Hagnaður ársins				1.575.852	1.575.852
Eigið fé 31.12.2005		7.454.816	1.749.844	4.566.591	13.771.251
Árið 2006					
Eigið fé 1.1.2006		7.454.816	1.749.844	4.566.591	13.771.251
Greiddur arður				(420.000)	(420.000)
Hagnaður ársins				2.343.767	2.343.767
Framlag í lögbundinn varasjóð			113.860	(113.860)	0
Eigið fé 31.12.2006		7.454.816	1.863.704	6.376.498	15.695.018

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		2.343.767	1.575.852
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(427.588)	(85.914)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		95.937	63.223
Afskriftir	2	996.033	670.016
Verðbætur og gengismunur		1.433.688	6.008
Niðurfærsla eignarhluta		0	41.310
Tekjuskattur		(1.234.858)	0
		<u>3.206.979</u>	<u>2.270.495</u>
Veltufé frá rekstri			
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(154.061)	15.065
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		92.162	(372.239)
Skammtímaskuldir, hækkun		106.796	101.074
		<u>44.897</u>	<u>(256.100)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
		<u>3.251.876</u>	<u>2.014.395</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar:			
Greidd fjárfesting í rekstrarfjármunum		(7.293.658)	(7.152.227)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		44.517	186.887
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum, að frádregnu yfirteknu handbæru fé		0	1.577
Greidd fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(138.677)	(58.646)
Söluverð seldra eignarhluta í öðrum félögum		592.861	0
		<u>(6.794.957)</u>	<u>(7.022.409)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður		(420.000)	(330.000)
Tekin ný langtímalán		3.888.830	5.277.071
Afborganir langtímalána		(345.799)	(331.046)
		<u>3.123.031</u>	<u>4.616.025</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Lækkun á handbæru fé			
(420.050) (391.989)			
Handbært fé í ársbyrjun			
476.006 867.995			
Handbært fé í árslok			
55.956 476.006			
Aðrar upplýsingar:			
Greiddir vextir af langtímaskuldum		368.878	178.504
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Keyptir rekstrarfjármunir		710.691	(278.899)
Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum		0	(22.835)
Skammtímaskuldir		(710.691)	334.734

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

SKÝRINGAR

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Hitaveita Suðurnesja hf („HS hf“) er með lögheimili að Brekkustíg 36, Njarðvík. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins þann 2. mars 2007.

a) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið 2005. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

b) Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

c) Rekstrartekjur

Tekjur vegna sölu á raforku og vatni eru færðar í rekstrarreikning við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

d) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, gengishagnaði og gengistapi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er tilkynnt. Hluti fjármagnsgjalda er eignfærður með orkuverum í byggingu (sjá skýringu e).

e) Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Orkuver í byggingu eru færð til eignar sem rekstrarfjármunir í byggingu, á verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar.

Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á orkuverum í byggingu er eignfærður og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður eru vextir af lánum sem tekin eru vegna framkvæmdanna og falla til fram að þeim tíma er eignin verður tekin í notkun og gengismunur vegna lána í erlendri mynt sem svarar til þess mismunar sem nemur vaxtakjörum þeirra lána og vaxtakjörum á sambærilegum innlendum lánum. Vaxtatekjur af bankainnstæðum vegna þess hluta lánsfjármagns sem ekki hefur verið nýtt eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði."

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Orkuver	10-50 ár
Rafveitukerfi	5-30 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	7-20 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3-50 ár

f) Óefnislegar eignir

Kostnaður við rannsóknir á jarðhitasvæðum er eignfærður þegar líkur eru á því að rannsóknirnar muni skila tekjum í framtíðinni. Gjaldfærsla rannsókna hefst við lok þeirra og nær yfir áætlaðan nýtingartíma. Niðurfærslan er gjaldfærð meðal afskrifta.

g) Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði, að frádreginni niðurfærslu þegar áætlað matsverð eignarhlutanna er lægra en kostnaðarverð þeirra.

h) Birgðir

Birgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði að frádreginni niðurfærslu vegna eldri birgða.

i) Skammtímakröfur og verðbréf

Skammtímakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j) Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

k) Hlutfé

Arðgreiðslur

Arður til hluthafa er færður til lækkunar á eigin fé þegar hluthafafundur hefur samþykkt greiðslu hans.

l) Vaxtaberandi lántökur

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og mismunur á kostnaði og innlausnarverði er færður í rekstrarreikning á lánstímanum byggt á virkum vöxtum.

m) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar HS hf ber lagleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á félaginu við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með hlutfalli fyrir skatta sem sýnir núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og, ef við á, áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

n) Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

o) Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi.

